

## KÍSILMÁLMMVERKSMIÐJA Á BAKKA VIÐ HÚSAVÍK MEÐ ALLT AÐ 66 ÞÚSUND TONNA FRAMLEIÐSLUGETU



### MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Viðaukar – 21. maí 2013

Tæknilegar upplýsingar og sérfræðiskýrslur



## **VIÐAUKAR**

### **Viðauki 1 – Framleiðsluferli**

SMS Siemag, samsetning hráefna, afurða og gjalls.

### **Viðauki 2 – Gróður og fuglar**

*Gróður og fuglar sunnan Bakkaár í landi Bakka við Húsavík. Unnið fyrir PCC SE. Ólafur Einarsson, 2012.*

### **Viðauki 3 - Fornleifar**

*Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á Bakka á Húsavík, S-Pingeyjarsýslu. Fornleifafræðistofan, Reykjavík Unnið fyrir EFLU hf. fyrir hönd PCC SE. Bjarni F. Einarsson, 2012.*

*Tvær byggingarlóðir og vegstæði á Bakka á Tjörnesi. Fornleifakönnun 2012. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík. FS489-12041. Oddgeir Isaksen, 2012.*

### **Viðauki 4 - Fjörulíf**

Náttúrustofa Norðausturlands, Minnisblað Þorkels Lindberg Þórarinssonar frá 26. Nóvember 2012 um fjörulíf í Bakkakrók á Tjörnesi og áhrif sjódælingarstöðvar.

### **Viðauki 5 Starfsleyfi**

Drög að starfsleyfi.

### **Viðauki 6 Öryggisblöð**

Öryggisblöð fyrir efni í fóðringum

### **Viðauki 7 Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu**

Umsagnir og athugasemdir umsagnaraðila og almennings við frummatsskýrslu



## Viðauki 1 - Framleiðsluferli

SMS Siemag, samsetning hráefna, afurða og gjalls.



Important 2: Due to unknown parts in the analyses and probable future variation in the raw material composition it is highly recommended to install or at least foresee the future installation of a refining station.

### Raw material analyses

#### Quartz

Component	Value	Unit
SiO <sub>2</sub>	99.0	%
Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	0.3	%
CaO	0.02	%
Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	0.1	%
MgO	0.02	%
P <sub>2</sub> O <sub>5</sub>	0.015 (<)	%
TiO <sub>2</sub>	0.045	%
S	0.01 (<)	%
Cl	0.03 (<)	%
Unknown	0.49	%

#### Quartz – Size distribution

Max. 5 % below	Min. 90 %	Max. 5 % above
<25 mm	25 - 100 mm	> 100 mm

NOTICE 1: All material has to be screened before it enters the furnace bunkers in order to guarantee above size distribution as well as minimise mechanical dust production.

NOTICE 2: Off spec material will be an additional waste stream, which has to be dealt with too.

### Reductants

Component	Low ash coal	Wood chips	Electrode paste	Unit
Moisture	9.5	40		%
C <sub>fix</sub>	62.15	20	Not indicated	%
Volatile matter	36	79	16	%
Ash	1.25	0.1	2	%
S	0.45	0.01 (<)		%
Cl	0.065	0.01 (<)		%
Unknown	0	0.88	82	%

\* see comments in first paragraph

### **Reductants - Ash**

Component	Low ash coal	Wood chips	Electrode paste	Unit
Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	19.5	4.70	23.00	%
CaO	3.39	30.00	25.00	%
Fe <sub>2</sub> O <sub>3</sub>	10.70	1.86	28.50	%
MgO	2.72	7.00	1.50	%
SiO <sub>2</sub>	57.30	23.50	17.00	%
TiO <sub>2</sub>	0.67	0.33	1.50	%
P <sub>2</sub> O <sub>5</sub>	0.64	6.00	0.55	%
B <sub>2</sub> O <sub>3</sub>			0.65	%
K <sub>2</sub> O	0.43			%
Na <sub>2</sub> O	2.67			%
PbO			0.01	%
Unknown	0.51	26.61	2.29	%

\* see comments in first paragraph

### **Reductants – Size distribution**

Reductant	Max. 5 % below	Min. 90 %	Max. 5 % above
Low ash coal	< 3mm	3 – 12 mm	> 12 mm
Wood chips	<25 x 25 x 80 mm	25 x 25 x 80 mm	> 25 x 25 x 80 mm



**Expected products****Si – metal**

<b>Component</b>	<b>Value</b>	<b>Unit</b>
amount	2.0	t/h
Si (approx.)	> 99	%
Fe (approx.)	0.3	%
Al (approx.)	0.4	%
Ca (approx.)	0.1	%

**Slag**

<b>Component</b>	<b>Value</b>	<b>Unit</b>
Amount (approx.)	25	kg/t Si - metal
SiO <sub>2</sub> (approx.)	77	%
Al <sub>2</sub> O <sub>3</sub> (approx.)	15	%
CaO (approx.)	3	%
TiO <sub>2</sub> (approx.)	1	%
MgO (approx.)	4	%
P <sub>2</sub> O <sub>5</sub> (approx.)	0.1	%



## **Viðauki 2 – Gróður og fuglar**

*Gróður og fuglar sunnan Bakkaár í landi Bakka við Húsavík. Unnið fyrir PCC SE. Ólafur Einarsson, 2012.*



# Gróður og fuglar sunnan Bakkaár í landi Bakka við Húsavík

Unnið fyrir PCC SE



Reykjavík, Janúar 2012  
Ólafur Einarsson

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	3
1. Inngangur .....	4
2. Athuganasvæði.....	4
3. Aðferðir .....	4
4. Niðurstöður.....	6
4.1 Gróður.....	6
4.2 Fuglar.....	9
4.3 Spendýr .....	9
5. Umræða.....	9
5.1. Verndarviðmið, gróður.....	9
5.2. Verndarviðmið, fuglar .....	10
5.3. Umhverfisáhrif .....	15
5.3 Mótvægisaðgerðir .....	16
6. Heimildir.....	17

## Útdráttur

Haustið 2011 var kannaður gróður og fuglalíf í landi Bakka við Húsavík. Þetta var gert vegna fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á vegum þýska fyrirtækisins PCC SE. Ásamt þessari athugun voru fyrirbyggjandi gögn könnuð en land Bakka er nokkuð vel athugað þar sem ýmsar náttúrufræðiskannanir hafa verið gerðar þar í tengslum við fyrirhugað iðnaðarsvæði.

Athugunarsvæðið er að mestu vel gróið og mólendi ríkjandi, aðallega lyngmói sem að hluta er mjög grasgefinn. Melar ná yfir þó nokkurn hluta lands og er alaskalúpína að breiðast þar út. Plönturnar sem fundust voru flestar þurrlendisplöntur enda lítið um votlendi á athugunarsvæðinu. Engar háplöntutegundir né byrkningar á válista voru skráðar. Ekki fundust heldur friðaðar plöntur. Fyrirhuguð kísilmálmverksmiðja og þær framkvæmdir sem eru áætlaðar í tengslum við hana munu hafa talsvert neikvæð umhverfisáhrif á gróður við Bakka. Lífríkinu verður umbylt á þessu svæði.

Áhrif framkvæmdar á fugla eru talin óveruleg. Búsvæði munu skerðast en fuglar sem verða fyrir áhrifum framkvæmdanna eru algengir, hvort sem lítið er á stofna á landsvísu eða innan landshlutans. Þar sem áhrifasvæðið er tiltölulega lítið er ekki gert ráð fyrir því að framkvæmdin hafi áhrif á heildarstofnstærð þeirra tegunda sem verpa eða nýta sér fyrirhugað framkvæmdasvæði á einhvern máta.

Uppgræðsla með innlendum plöntum á rofsvæðum í nágrenninu er sú mótþægisaðgerð sem helst kemur til greina.

## 1. Inngangur

Að beiðni Ólafs Árnasonar hjá Eflu frá 17. ágúst 2011, tók undirritaður að sér að gera grein fyrir gróðri og fuglalífi í landi Bakka við Húsavík. Svæðið sem var afmarkað er að mestu sunnan Bakkaár, gengt því svæði sem áður var áætlað að reisa álver Alcoa. Verkefnið tengist fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju á vegum PCC SE, fyrirtækis sem er með höfuðstöðvar sínar í Duisburg í Þýskalandi. Staðhættir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru svipaðir og á því landi sem reisa átti álver. Vegna þessa er að hluta til stuðst við þær athuganir sem gerðar voru vegna álversins. Ákvörðun um vettvangsathuganir var ekki tekin fyrr en að áliðnu sumri þegar varpfuglar höfðu lokið varpi. Athugunarsvæðið var heimsótt þann 4. september 2011. Vettvangsathuganir að hausti henta ágætlega til gróðurathugana, en snemmsprottnar háplöntur eru yfirleitt lítt áberandi á þeim tíma. Athugunin var það seint að flestir varpfuglar voru farnir frá varpstöðvum. Þar sem til voru upplýsingar frá næsta nágrenni var ekki talin ástæða að framkvæma umfangsmeiri fuglaathuganir.

## 2. Athuganasvæði

Norðausturvegur (nr. 85) á Tjörnesi afmarkar athugunarsvæðið í austri og í suðri lá jaðarinn niður af útsýnisstað við Þjóðveginn og í sjó fram. Vesturmörkin lágu með ströndinni að árósi Bakkaár og norðurmörk liggja með Bakkaá. Athuganasvæðið var alls 40 ha (1. mynd). Kísilmálmverksmiðjan hefur fengið úthlutað 20 ha lóð á þessu svæði, en þetta er innan þess lands sem var ákvarðað sem iðnaðarsvæði í sveitarfélaginu Norðurþingi (Ólafur Árnason o.fl. 2011).

## 3. Aðferðir

Gengið var um athuganasvæðið þann 4. september 2011, gróðurfari var lýst, plöntutegundir skráðar og teknar myndir af gróðri og landi. Þekja og tegundasamsetning háplantna var könnuð á fimm stöðum til þess að fá ítarlegri mynd af gróðrinum en plöntulisti gefur. Við þekjumælingu voru plöntur greindar til tegunda og þekja plantna metin sjónrænt, þá var notaður rammi 50x50 cm að stærð. Þekja var metin í prósentum (%). Heildarþekja getur verið meiri en 100%, ef þekja einnar tegundar var t.d. 50% og annarrar 95%.

Fáeinir mosar, fléttur og sveppir voru greindir til tegundar, en ekki var sérstök áhersla lögð á söfnun eða greiningu þessara lífvera.

Allir fuglar sem heyrðist í eða sást á vettvangi voru skráðir en þoka á athugunardegi hafði áhrif öðru hvoru þannig að illa sást til fugla og voru þeir þá greindir á hljóðum.

Heimildir um náttúrufar í landi Bakka voru kannaðar. Umfangsmiklar athuganir hafa farið fram á þessu svæði og nágrenni þess í tengslum við álver sem átti að rísa í landi Bakka. Þær athuganir nýttust vel við gerð þessarar skýrslu.

Ljósmyndir eru eftir Ólaf Einarsson nema annars sé getið.





1. mynd. Loftmynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Bakka, norðan Húsavíkur. Svæðið er afmarkað með bláum línum og er um 45 ha. Kísilmálmverksmiðjan fær 20 ha lóð innan þessa svæðis. Rofblettir eru áberandi á hluta svæðisins og sjást þeir greinilega fyrir miðri mynd (ljósbrún svæði) og þar er alaskalúpína (dökkgræn svæði) áberandi (Mynd úr Ólafur Árnason o.fl. 2011).

## 4. Niðurstöður

### 4.1 Gróður

Alls fundust 108 tegundir háplantna á athugunarsvæðinu. Flestar voru þær þurrlandisplöntur enda lítið um votlendi á athugunarsvæðinu. Skráðar voru þrjár tegundir mosa, sex tegundir fléttna og tvær tegundir sveppa, en ekki var gengið hart fram í greiningu lágplantna og sveppa (1. og 2. viðauki). Gróður verður því að teljast fjölbreyttur miðað við að athugunarsvæðið var ekki stórt. Nokkuð fannst af slæðingum og garðplöntum, eins og dagstjörnu, útlaga, hreggstaðavíði og viðju (1. viðauki), en garðaúrgangur og mold hefur verið losuð á nokkrum stöðum.



2. mynd. Lyngmói í landi Bakka, 4. september 2011, beitilyng og krækilyng eru áberandi.

Gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru nokkur. Lyngmói er áberandi. Lyngið var sum staðar gróskumikið og gróður fjölbreyttur í móanum, það sýndu þekjumælingar. Í lyngmóanum voru skráðar flestar tegundir í þekjumælingum (3. viðauki, 2. mynd). Á hluta af landinu var lyngmóinn rofinn og hafði látið undan síga vegna ofbeitar sem var á þessu svæði. Rofblettirnir voru mjög áberandi og sjást þeir vel á loftmynd (1. mynd). Víðast hvar voru grös meira ríkjandi en lyng vestan vegar sem liggur í gegnum svæðið og svo einnig nyrst, nærri Bakkaá.

Votlendisblettur var við Bakkaá, að hluta gamalt tún, sem var blautt þrátt fyrir framræslu (3. mynd). Afrennsli skurðanna liggur annars vegar niður í Bakkakrók og hins vegar í Bakkaá og sjást skurðirnir greinilega á loftmynd. Drög eru með lækjum og lækjarfarvergum og í þeim var gróður fjölbreyttur (1. mynd og 4. mynd). Halli með snjóðældaráhrifum var sunnan til á svæðinu og þar var gróður vöxtulegur, t.d. bláberjalyng, aðalbláberjalyng og finnungur ásamt fleiri plöntum. Syðst hefur verið plantað töluvert af birki (5. mynd). Í melum var gróður fábreyttur og fáar tegundir skráðar, hvort sem lúpína þakti melinn eða ekki (3. viðauki). Alaskalúpína var að leggja undir sig mela og var ríkjandi gróður á blettum á suðurhluta svæðisins,

sérstaklega á milli þjóðvegjar og vegarins sem þræðir athugunarsvæðið. Á loftmynd sést greinilega hvar lúpína vex (1. mynd og 6. mynd).



3. mynd. Votlendisblettur við Bakkaá, að hluta gamalt tún, blautt þrátt fyrir framræslu, 4. september 2011.



4. mynd. Gróskumikill gróður í dragi nærri Bakkaá 4. september 2011.



5. mynd. Birkiplöntur sem gróðursettar hafa verið nærri Skjólbrekku, 4. september 2011. Melur með alaskalúpínu í baksýn.



6. mynd. Vöxtuleg alaskalúpína nærri Bakka, 4. september 2011, í fjarlægð sést í Bakkakrók.

## 4.2 Fuglar

Á athugunardegi sáust 19 fuglategundir á og við athugunarsvæðið. Einungis hluti af þeim fuglum sem sáust nýta sér búsvæði þess. Þeir fuglar sem það gera eru helst mófuglar eins og heiðlóa og rjúpa sem sáust með fleyga unga, sem mögulega höfðu klakist úr hreiðri í landi Bakka. Skógarpröstur sást í ætisleit og það heyrðist í þúfutittlingi. Smyrill flaug yfir í leit að bráð, líklega einhverjum mófuglinum (4. viðauki). Þrettán af þeim fuglategundum sem sáust gætu orpið á athugunarsvæðinu (1. tafla).

## 4.3 Spendýr

EKKI varð vart við nein spendýr á meðan athugun stóð. Ekkert tófugreni var á athugunarsvæðinu eða í næsta nágrenni þess og engin ummerki um tófur fundust. Það má gera ráð fyrir því að minnur fari um í fjörunni og með ám og lækjum sem eru á athugunarsvæðinu. Væntanlega búa hagamýs þar sem búsvæði eru fyrir hendi.

## 5. Umræða

### 5.1. Verndarviðmið, gróður

Upplýsingar um ýmsar lífverur hafa verið skrásettar eftir reitakerfi, en upprunalega var það hugsað til þess að skrásetja útbreiðslu plantna (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970). Reitakerfi sem byggt er á 10x10 km reitum hefur verið nýtt til að skrá útbreiðslu lífvera á Íslandi í áratugi, sem dæmi má nefna að í Íslensku Plöntuhandbókinni eru útbreiðslukort planta sem eru byggð á þessu kerfi (Hörður Kristinsson 2010). Nú er hafinn vinna við að skrásetja plöntur á nákvæmari hátt, í 5x5 km reiti (Hörður Kristinsson 2012a), sú vinna er kominn styttra á veg og þau gögn eru ekki aðgengileg eins og upplýsingar úr 10x10 km reitakerfinu. Þær eru aðgengilegar á Plöntuvelsýni (Náttúrufræðistofnun 2012b). Samkvæmt því kerfi þá var athugunarsvæðið í reitum 5737 og 5738. Flóra þessara reita telst nokkuð vel þekkt samkvæmt upplýsingum á Plöntuvelsýni (Náttúrufræðistofnun 2012b). Svæðið er að mestu í reit 5738 og þar voru skráðar 242 háplöntutegundir og byrkningar, 125 mosategundir, 80 fléttutegundir ásamt 25 sveppategundum. Í reit 5737 voru skráðar 199 háplöntutegundir og byrkningar, 165 mosategundir, 110 fléttutegundir ásamt níu sveppategundum. Á athugunarsvæðinu fannst einungis hluti af þeim plöntum sem voru skráðar í þessum reitum. Í athugun Náttúrustofu Austurlands á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði norðan Bakkaár fundust 117 tegundir háplantna sem var svipað og sunnan Bakkaár (108 tegundir, 1. viðauki). Þar munaði um nokkrar tegundir votlendisplantna sem ekki fundust sunnan Bakkaár enda var lítið votlendi á því svæði. Plöntutegundir á válista eða friðaðar plöntur fundust ekki á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og ekki heldur í athugunum Náttúrustofu Austurlands norðan Bakkaár (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2009). Hið sama má segja í athugun Náttúrufræðistofnunar Íslands á náttúruferi í Héðinsvík og nágrenni (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004), enginn háplanta á válista fannst né sjaldgæfar á landsvísu. Þar voru skráðar 238 tegundir háplantna og af þeim töldust 219 tegundir villtar og hinar 19 voru slæðingar. Mosategundir sem fundust í þeirri athugun voru 177 og enginn þeirra á válista, ein er sjaldgæf á landsvísu, bakkafaldur (*Rhizomnium punctatum*), og tvær sem álitnar eru sjaldgæfar, smáhnubbi (*Didymodon brachyphyllus*) og skessuklukka (*Encalypta streptocarpa*). Þá fundust 123 tegundir af fléttum og var enginn þeirra á válista en flúðaskorpa (*Aspicilia aquatica*) var ein

sjaldgæf á landsvísu. Ennfremur fundust þrjár tegundir sveppa sem eru nauðbundnir fléttum sem eru sjaldgæfir á landsvísu (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Flétturnar flatþemba (*Hypogymnia physodes*) og pípuþemba (*Hypogymnia tubulos*) hafa fundist í nágrenninu samkvæmt valista og eru þær fléttutegundir í nokkurri hættu (LR). Báðar þessar fléttutegundir vaxa á birki og móajarðvegi en finnast helst á Austurlandi (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Flétturnar fundust við Húsavík á girðingarstaurum fyrir miðja síðustu öld og ekki er vitað hvort þær finnast þar enn (Hörður Kristinsson 2012b). Sjálfsgagt er minna um girðingar nú en þá þar sem dregið hefur úr skepnuhaldi í þéttbýli og ólíklegt að flétturnar vaxi enn þarna.

Náttúrufræðistofnun hefur á undanförunum árum unnið að skrásetningu vistgerða á Íslandi, hingað til hefur þessi vinna eingöngu verið á hálendinu. Vistgerðir á láglandi hafa ekki ennþá verið flokkaðar (Náttúrufræðistofnun Íslands 2012d). Lyngmói var áberandi gróðurfélag á athugunarsvæðinu en hann hefur lengi einkennt land á þessum slóðum. Lyngmói er algengur víða um land, sérstaklega í Þingeyjarsýslum, eins og sést greinilega þegar farið er um þessar sýslur. Samkvæmt EUNIS vistgerðaflokkun þá myndi lyngmóinn flokkast undir *Subarctic and alpine dwarf willow scrub* (F2.1) „lyngmóavist“ (European Environment Agency 2012). Lýsing á hálendislyngmóa á ekki við um lyngmóa á athugunarsvæðinu (sjá Náttúrufræðistofnun Íslands 2012c), þar sem hann var mun gróskumeiri og meiri plöntuþekja en í hálendislyngmóa. Verndargildi lyngmóa í hálendinu er álitíð vera hátt (Náttúrufræðistofnun Íslands 2012c). Þá má líklega draga þá ályktun að sama gildi um lyngmóa á láglandi og hann hafi einnig hátt verndargildi.

Sunnan Bakkár er lítið um votlendi, minna en 3 ha, öfugt við svæðið sem er norðan Bakkaár, þar sem álver átti að rísa, en þar hefur verið slegið á að votlendi nái yfir um 36 ha (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2009). Í Náttúruverndarlögum er sérstaklega kveðið á um vernd votlendis ef það er yfir 3 ha að stærð (Lög nr. 44 frá 1999). Mikið hefur verið gengið á votlendi á Íslandi á síðustu áratugum og stór svæði verið ræst fram, aðallega úthagi. Því er nauðsynlegt að standa vörð um það votlendi sem eftir er og hlífa því við röskun ef það er mögulegt.

Með ströndinni eru klettur og var gróður ekki skoðaður markvisst þar, sökum þess hve aðgengi var erfitt. Gróður í klettum sem nýtur áburðar af fugladriti er oft mjög vöxtulegur og þar er helsta búsvæði sumra plöntutegunda eins og skarvakáls og sæhvannar, hvorug tegundir fannst í vettvangsathuguninni en skarvakál fannst norðan Bakkaár (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2009). Gróður í sjávarklettum og fuglabjörgum hefur annars lítið verið rannsakaður á Íslandi vegna þess hve erfitt er að komast að þessum stöðum. Áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar verður að öllum líkindum lítil á gróður í sjávarklettunum.

## 5.2. Verndarviðmið, fuglar

Fuglategundir sem þarfnast verndar hafa verið flokkaðar þannig (María Harðardóttir o.fl. 2003):

- Tegundir á valista og sjaldgæfar tegundir
- Ábyrgðartegundir
- Tegundir mikilvægar á landsvísu
- Tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga

Á valista eru 32 tegundir fugla. Þetta eru m.a. litlir stofnar, nýir landnemar og fuglar sem eru hér á mörkum útbreiðslu sinnar (Náttúrufræðistofnun 2000). Þótt tiltölulega fáar fuglategundir verpi hér á landi, er fjöldi einstaklinga oft mikill og af þeim sökum telst hér oft verpa hátt hlutfall af Evrópu- eða heimsstofni. Í alþjóðasamstarfi eru slíkar

tegundir nefndar ábyrgðartegundir. Íslendingar bera mikla ábyrgð á að minnsta kosti 16 varpfuglum ef miðað er við 30% lágmark af Evrópustofni. Nokkrar tegundir fugla hafa viðdvöl á Íslandi á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum, en verpa ekki á landinu. Kallast þeir fargestir eða umferðarfuglar. Ísland er mikilvægur áningarstaður fyrir þessa norðlægu fugla og ábyrgð okkar því mikil á þessum stofnum (María Harðardóttir o.fl. 2003, Náttúrufræðistofnun 2000, Ólafur Einarsson o.fl. 2002).

Á vegum Alþjóða fuglaverndarsamtakanna *BirdLife International* hafa allar evrópskar fuglategundir verið flokkaðar með tilliti til verndarstöðu í Evrópu. Þetta eru svokallaðar *Species of European Conservation Concern* eða evrópskar fuglategundir sem þarfnast verndar (SPEC, BirdLife International 2004). Þær eru flokkaðar í fjóra flokka:

- SPEC 1: Tegundir sem eru í hættu (*Species of global conservation concern*).
- SPEC 2: Tegundir sem hafa megin útbreiðslusvæði í Evrópu en standa höllum fæti (*Concentrated in Europe, unfavorable conservation status*).
- SPEC 3: Tegundir sem ekki hafa meginútbreiðslusvæði í Evrópu en standa höllum fæti (*Not concentrated in Europe, unfavorable conservation status*).
- SPEC 4: Tegundir sem hafa meginútbreiðslusvæði í Evrópu en stofnar ekki í hættu (*Concentrated in Europe, favorable conservation status*).

Aðrar tegundir sem ekki tilheyra þessum flokkum eru þær sem ekki eru í hættu og meginútbreiðslusvæði er ekki í Evrópu.

Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu var gerður í Bern í Sviss árið 1979 og öðlaðist gildi árið 1982. Aðild Íslands tók gildi þann 1. október 1993 (Stj.tíð.C 17/1993). Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Markmið samningsins er ennfremur að hvetja til fjölþjóðlegrar samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðauki I hefur að geyma skrá yfir plöntur sem eru sjaldgæfar eða í útrýmingarhættu. Viðauki II hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr, froska, fiska, skordýr og aðra hryggleysingja. Aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæði þeirra, meðal annars m.t.t. veiða, eggjatöku, ónæðis við bústaði þeirra, sérstaklega um varptímamann, og verslunar, ef það hefur þýðingu fyrir verndun tegundanna. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans. Viðauki III hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr og froskdýr. Þessi dýr skulu njóta verndunar og aðilum ber að tryggja að veiði eða handsömun þessara tegunda sé hagað þannig að þeim sé ekki stofnað í hættu, m.a. með takmörkun á veiðitíma, svæðisbundnum banni á veiðum og stjórn á nýtingu og verslun. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir (Umhverfissráðuneytið 2012).

Fuglaathuganir í haust gáfu að litlu leiti til kynna hvaða fuglar verpa sunnan Bakkár. Starfmenn Náttúrustofu Norðausturlands athuguðu fuglalíf á svæði því þar sem áætlað var að starfrækja álver. Í þeim athugunum fundust 24 tegundir, þar af var gert ráð fyrir að 20 þeirra væru varpfuglar á Bakka (norðan Bakkaár). Flestir þeir varpfuglar sem skráðir voru á norðursvæðinu verpa að öllum líkindum á suðursvæðinu (sunnan Bakkaár), þar eru a.m.k. 17 tegundir taldar líklegir varpfuglar (1. tafla). Ólíklegir varpfuglar á syðra svæðinu eru m.a. hettumáfur, jaðrakan og óðinshani. Ástæða þess er að votlendi er minna að umfangi en norðan Bakkaár.

Mófuglar voru taldir á vegum Náttúrufræðistofu Norðausturlands sumrið 2007 og kom í ljós að varppéttleiki þeirra var hár við Bakka eða 319 pör/km<sup>2</sup> í lyngmóa og 301 pör/km<sup>2</sup> í votlendi (Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2008). Þarna er þéttleiki mófugla í varpi með því mesta mælst hefur á landinu (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Þar sem grasmói, lyngmói og graslendi ná yfir meirihluta athugunarsvæðisins sunnan Bakkaár má gera ráð fyrir að varppéttleiki mófugla sé hár miðað við athuganir á fyrrverandi álverslóð. Þéttleiki mófugla er líklega svipaður sunnan ár og norðan.

Hér að neðan er fjallað um líklega varpfugla á athugunarsvæðinu og er byggt á upplýsingum í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands (Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2008) ásamt mati á fjölda varpfugla miðað við þær aðstæður sem eru á athugunarsvæðinu sunnan Bakkaár.

Fýll er ábyrgðartegund og er líklegt að fáein pör verpi í klettunum við ströndina. Ekki er getið hve mörg pör verpa á athugunarsvæðinu norðan Bakkaár en hann sagður verpa þar.

Grágæs er á valista sem fugl í yfirvofandi hættu (VU) og ábyrgðartegund. Trúlega verpa fáein grágæsarþör sunnan Bakkaár en ekki kemur fram hve mörg pör verpa norðan Bakkaár.



7. mynd. Rjúpa í lyngmóa. Hún er algengur varpfugl á Tjörnesi og mikilvæg fæða fyrir fáka (Ljósmynd Jóhann Óli Hilmarsson).

Heiðlóa er ábyrgðartegund og í SPEC flokki 4. Heiðlóa var einn algengasti fuglinn á sniðum norðan Bakkaár og var þéttleikin í mólendi metin 89 pör/km<sup>2</sup>, sem er hár þéttleiki, til samanburðar var þéttleiki heiðlóu t.d. metin 19 pör/km<sup>2</sup> í hraunum við Þrengslaveg (nr. 39) á Suðvesturlandi (Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson



2009). Þar sem mólendi er ríkjandi sunnan Bakkaár má búast við svipuðum þéttleika og í mólendi norðan ár.

Hrossagaukur á Íslandi er af undirtegundinni *Gallinago gallinago faroensis*. Hann var einn af algengari fuglum á norðursvæðinu og fannst bæði í votlendi og mólendi, í síðarnefnda búsvæðinu var þéttleikin metin 35 pör/km<sup>2</sup> og má búast við svipuðum þéttleika sunnan ár.

Kría er ábyrgðartegund. Á norðursvæðinu var metið að 70 pör væru þar í varpi. Þar sem athugunarsvæðið sunnan ár er mun minna en norðursvæðið má reikna með færri kríum þar, fáeinum tugum í mesta lagi.

Lóupræll er ábyrgðartegund og á Íslandi er undirtegundin *Calidris alpina schinzii*. Hann verpur bæði í mólendi og votlendi sunnan Bakkaár, í mólendinu var þéttleikinn 28 pör/km<sup>2</sup> og líklegt að þéttleiki lóupræls sé svipaður því í mólendi sunnan ár.

Rjúpa er einlend undirtegund, hér verpur *Lagopus mutus islandorum* (7. mynd). Á norðursvæðinu var ekki lagt mat þéttleika rjúpna enda henta ekki talningar í júní til þess. Líklega eru nokkrar hænur sem verpa á suðursvæðinu. Tjörnes er eitt af betri varplöndum rjúpu á Íslandi þar sem varpþéttleiki er einna hæstur, en á talningarsvæði við bæinn Hól var meðalþéttleiki 14,4 karrar/km<sup>2</sup> (Ólafur K. Nielsen o.fl. 2004).

Sandlóa, er ábyrgðartegund og hér finnst undirtegundin *Charadrius hiaticula hiaticula*. Hún er álitin verpa norðan ár en ekki kemur fram hve mörg pör. Þar sem melar eru nokkuð áberandi á suðursvæðinu má búast við fáeinum sandloupörum þar. Hún gæti verið á undanhaldi sunnan Bakkaár eftir því sem alaskalúpína breiðist út.

Silfurmafur. Hann var skráður varpfugl norðan Bakkaár en ekki er getið um tölu varppara en möguleiki er á einu pari eða svo sunnan Bakkaár.

Skógarþröstur er ábyrgðartegund, í SPEC flokki 4 og sérstök undirtegund *Turdus iliacus coburni* sem verpur á Íslandi og Færeyjum. Hann er sagður verpa norðan ár en ekki er getið um tölu varpfugla. Hann verpur örugglega sunnan ár og helst syðst á svæðinu þar sem plantað hefur verið birki. Í heild má búast við fáeinum tugum para.

Spói er ábyrgðartegund og í SPEC flokki 4. Hann er þurrlendisfugl og var þéttleiki mikill í mólendinu norðan Bakkaár (55,2 pör/km<sup>2</sup>) og má búast við svipuðum þéttleika sunnan ár.

Stelkur er ábyrgðartegund, í SPEC flokki 2 og hér verpur einlend undirtegund *Tringa totanus robusta* (8. mynd). Stelkur er algengasti varpfuglinn á norðursvæðinu og var varp metið þétt í bæði votlendi (147,2 pör/km<sup>2</sup>) og mólendi (70,0 pör/km<sup>2</sup>). Þéttleiki stelks sunnan megin er líklega nær því sem er í mólendinu.

Stökkönd var skráður varpfugl norðan Bakkaár en ekki er getið um tölu varppara, það má búast við að örfá pör verpi sunnan Bakkaár.

Svartbakur er á valista (VU) sem fugl í yfirvofandi hættu og á SPEC lista 4. Þar er sömu sögu að segja og hjá silfurmaf, ekki er getið um varppör norðan megin en e.t.v. verpa eitt eða tvö pör sunnanmegin.

Tjaldur var ennfremur skráður sem varpfugl á nyrðri svæðinu en ekki er getið um fjölda varppara. Það er líklegt að fáein pör verpi sunnan megin.

Þúfutittlingur er í SPEC flokki 4. Hann var með þéttleikan 55,2 pör/km<sup>2</sup> í mólendinu á norðursvæðinu en þeir voru ekki skráðir í votlendi. Þéttleiki þeirra var mun hærri en hann mældist í hraunum við Þrengslaveg, Suðvesturlandi, en þar var hann 27,4 pör/km<sup>2</sup> (Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson 2009). Sunnan Bakkaár má búast við svipuðum þéttleika og í mólendinu norðan árinna.

Æðarfuglinn á Íslandi er af undirtegundinni *Somateria mollissima borealis*. Norðan Bakkaár var áætlað að 20 þör yrpu. Sunnan ár má búast við fáeinum þörum í varpi.

Fálkaóðal er í nágrenni við framkvæmdasvæðið (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Ekki er gert ráð fyrir beinum áhrifum á fálka, en áhrifin geta verið óbein þar sem búsvæði rjúpu og annarra mófugla skerðast við framkvæmdina og varpfuglum fækkar. Þar með verði minna um bráð á veiðilendum þessa fálkapars. Rannsóknir á íslenskum fálkum sýna að varppör leita að bráð allt að 57 km frá hreiðurstað (Cade o.fl. 2006), Bakki er á veiðilendum fálkaparsins. Fálkinn er á valista (VU) sem tegund í yfirvofandi hættu og íslenski stofninn er lítill, áætlaður fjöldi varppar er 300–400 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).



8. mynd. Stelkur á staur. Hann var algengasti mófuglinn við Bakka. Ljósmynd Jóhann Óli Hilmarsson

Töluvert fuglalíf er að vetrarlagi á sjónum fyrir landi Bakka. Norðurendi talningarsvæðisins *Húsavík: Norðurgarður - Reyðará á Tjörnesi* nær inn á athugunarsvæðið. Í vetrarfuglatalningu áhugamanna og Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 7.1.2012 voru skráðar 17 tegundir á talningarsvæðinu, 2416 fuglar. Þar af sáust 27 straumendur (Náttúrufræðistofnun Íslands 2012d). Við Tjörnes eru mikilvægar vetrarstöðvar straumanda og hafa þær alþjóðlegt gildi (Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2003). Straumönd er á valista (LR) sem tegund í nokkurri hættu og hún er flokkuð sem ábyrgðartegund (María Harðardóttir o.fl. 2003).

1. tafla. Líklegir varpfuglar á athugunarsvæðinu og flokkun þeirra í válista- og ábyrgðartegundir.

Tegund	Latneskt heiti	Válisti	Ábyrgðartegund	SPEC flokkun	Bern viðauki
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>		x		III
Grágæs	<i>Anser anser</i>	VU	x		III
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		x	4	III
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>				III
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		x		III
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>		x		III
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>				III
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		x		III
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>		x	4	III
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>		x	4	III
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		x	2	III
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>				III
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>	VU		4	
Silfurmáfur	<i>Larus argentatus</i>				
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>				III
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>			4	II
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>		x		III

### 5.3. Umhverfisáhrif

Áhrif á gróður felast fyrst og fremst í því að sá gróður sem fer undir mannvirki s.s. húsbyggingar, vegi og bílastæði hverfur. Lóðin sem kísilmálmverksmiðjan fær undir starfsemi sína er 20 ha en heildargólfplatarmál verksmiðju er 160.000 m<sup>2</sup> og bílastæði 800 m<sup>2</sup> (Ólafur Árnason o.fl. 2011). Lyngmóa er líklega mjög erfitt að endurheimta eða rækta frá grunni og kemur því ekki til greina að skapa lyngmóa í mótvægisáðgerðum. Æskilegt væri að raska honum og votlendisbletti sem er næst Bakkaá sem minnst (1. mynd). Möguleiki væri að draga úr umhverfisáhrifum með því að staðsetja verksmiðju á mel sem myndast hefur vegna uppblásturs á miðju svæðinu.(1. mynd). Fyrirhuguð kísilmálmverksmiðja og framkvæmdir í tengslum við hana munu hafa talsvert neikvæð umhverfisáhrif á gróður, einkum vegna þess að þegar gróður hverfur er um að ræða óafturkræfar breytingar á landi sem fer undir mannvirki (2. tafla).

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að það standi til að breyta farvegi Bakkaár og lækja sem eru á svæðinu. Ennfremur stendur til að ræsa fram hluta af Bakkalandi, en framræslan er ekki á vegum PCC SE heldur á vegum sveitarfélagsins í tengslum við undirbúning fyrir iðnaðarsvæðið á Bakka (Ólafur Árnason o.fl. 2011). Í rannsóknnum á lífríki Bakkaár og Reyðarár voru áhrif álvers á vistkerfi ána metin. Höfundar álíta að áhrif framkvæmda á árnar séu þrennskonar:

- i) Áhrif vegna breytinga á farvegi og rennsli.
- ii) Áhrif á lífríki vegna frárennslis af framkvæmdasvæði.
- iii) Áhrif vegna efna frá útblæstri sem gætu blandast í jarðveg og yfirbotnsvatn og valdið breytingum á efnabúskap í vatnvistkerfum í nágrenni verksmiðjunnar (Jón S. Ólafsson o.fl. 2010).

Það má gera ráð fyrir sömu áhrifum á Bakkaá í tengslum við þessa framkvæmd.

Fuglar sem verða fyrir áhrifum framkvæmdanna eru algengir, hvort sem litið er á stofna á landsvísu eða innan landshlutans. Þar sem áhrifasvæðið er tiltölulega lítið missa fá varppör búsvæði sitt og því er ekki gert ráð fyrir því að framkvæmdin hafi áhrif á heildarstofnstærð þeirra tegunda sem verpa eða nýta sér fyrirhugað framkvæmdasvæði á einhvern hátt. Tvær varptegundir eru á válista, þ.e. grágæs og svarbakur, tíu eru flokkaðar sem ábyrgðartegundir og stelkur er á meðal þeirra tegunda sem hafa megin útbreiðslusvæði í Evrópu en standa höllum fæti (Flokkur SPEC 2). Allir varpfuglarnir eru á skrá í viðauka III í Bernarsáttmálanum nema svartbakur, silfurmafur og þúfutittlingur (1. tafla). Áhrif framkvæmdanna á þessa fugla eru lítil þar sem á framkvæmdasvæðinu verpa fá pör ef mið er tekið af heildarstofnum þessara tegunda á Íslandi. Fyrirhuguð framkvæmd er því talin hafa óveruleg áhrif á fugla (2. tafla).

Ekki er gert ráð fyrir röskun á fjöru. Kælivatn verður mögulega leitt til sjávar og hefur það líklega staðbundin áhrif á lífríki þar sem það kemur í sjó. Frárennsli, skólp og annað afrennsli gæti haft neikvæð áhrif á fjöruflórur m.a. á doppur og smáa kræklinga. Þessi dýr eru mikilvæg fæða fjöruflugla (Alerstam o.fl. 1992). Samkvæmt athugunum heimsækir mikill fjöldi fugla, aðallega rauðbrystingar, fjörunar við Bakka. Þessir fuglar nýttu aðallega Bakkakrókinn sem er með mikilvægari stöðum fyrir umferðarfugla í S-Þingeyjarsýslu (Þorkell Lindberg Þórarinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008). Því er mikilvægt að raska ekki fjöru í Bakkakróki.

## 2. tafla. Mat áhrifum kísilmálmverksmiðju við Bakka.

Umhverfisáhrif	Fuglar	Gróður	Votlendi á landi
Verulega jákvæð áhrif			
Talsvert jákvæð áhrif			
Óveruleg áhrif	X		
Talsvert neikvæð áhrif		X	X
Verulega neikvæð áhrif			
Óvissa um áhrif			
Engin áhrif			

### 5.3 Mótvægisáðgerðir

Nokkrar leiðir eru færar til mótvægis við fyrirhugaðar framkvæmdir. Græða má upp samsvarandi svæði og það sem tapast í framkvæmdum vegna kísilmálmverksmiðjunnar. Í slíka uppgræðslu í ætti að nýta íslenskar plöntur, ekki alaskalúpínu þó svo hún sé algeng á svæðinu. Útbreiðsla hennar í nágrenni Bakka virðist vera meiri nú en fyrir um tæpum áratug, ef loftmynd (1. mynd) er borin saman við gróðurkort í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um náttúrufar í nágrenni Héðinsvíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 2004). Í nýlegri skýrslu er lögð áhersla á það að alaskalúpína sé einungis notuð til uppgræðslu þar sem aðrar leiðir eru ekki færar og veigamikil rök séu fyrir notkun hennar (Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins 2010). Nýta ætti plöntutegundir sem vaxa á svæðinu eða nágrenni þess. Þær tegundir þola þau skilyrði sem eru í þessu umhverfi, stinga ekki í stúf við annan gróður eða flokkast sem ágengar. Uppgræðsla væri möguleg t.d. með túnvingli, vallarsveifgrasi og loðvíði. Rannsóknir hafa sýnt það að gróður nær sér fyrr á strik þar sem beit er enginn og gróðurframvinda verður hraðari (Sigurður H. Magnússon og Kristín Svavarsdóttir 2007). Þess vegna er best að girða uppgræðslusvæði af og koma í veg fyrir beit. Einnig mætti skoða endurheimt votlendis, þó svo að tiltölulega

lítið votlendi raskist innan lóðar. Það er álitamál hversu umfangsmikil endurheimt gróðurs eigi að vera. Þar sem hér er verið að umbylta náttúrunni ætti endurheimt að vera a.m.k. sambærileg að umfangi og það svæði sem raskast. Þetta er mögulegt innan verksmiðjulóðar og í næsta nágrenni hennar. Við þessar aðgerðir má nýta gróðurtorfurnar sem mokað veður í burt við byggingu verksmiðju, vega og annarra mannvirkja tengdri þessari framkvæmd. Þetta á sérstaklega við lyngið, en flytja má lyngtorfur á þau svæði sem eru uppblásinn melur og flýta þannig fyrir uppgræðslu á þeim. Nýleg rannsókn mælir með því að nota megi gróðurtorfur til að flýta fyrir uppgræðslu með góðum árangri. Niðurstöður benda reyndar til þess að lyngtegundir séu viðkvæmar og nái sér síður á strik eftir flutning, en áframhaldandi rannsóknir koma til með að leiða það betur í ljós (Ása L. Aradóttir og Guðrún Óskarsdóttir 2010). Í tengslum við svipaða rannsókn hefur verið bent á að líta eigi á gróðursvörðinn sem verðmæti og leita eigi allra leiða til að nýta hann (Ása L. Aradóttir 2012). Það hefur hefur ekki tíðkast á Íslandi að nýta gróðurtorfur sem eru grafnar upp við framkvæmdir, þess í stað er þeim spillt t.d. með því að nota þær sem uppfyllingu. Vitanlega verður að fara vel með torfurnar áður en þeim er komið fyrir, ekki þýðir að geyma þær lengi í haug, heldur verður að koma þeim fyrir sem fyrst eftir uppgröft. Gera má ráð fyrir að með gróðurtorfunum fylgi einnig smádýr, það viðheldur að einhverju leiti smádýrafánu svæðisins að nýta torfurnar í stað þess að þær fari forgörðum. Í kjölfarið gætu mófuglar numið land á uppgræddum svæðum.

## 6. Heimildir

- Alerstam, T., Guðmundsson, G.A. og Johannesson, K. 1992. Resources for long distance migration: intertidal exploitation of *Littorina* and *Mytilus* by knots *Calidris canutus* in Iceland. OIKOS 65: 179–189.
- Arnbór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2003. Útbreiðsla og fjöldi straumanda á Íslandi að vetrarlagi. Bliki 23: 5–20.
- Ása L. Aradóttir 2010. Notkun svarðlags við uppgræðslu námusvæða. Niðurstöður gróðurmælinga á tilraunareitum árið 2009. Skýrsla til Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar. 13 bls.
- Ása L. Aradóttir og Guðrún Óskarsdóttir 2012. Nýting gróðursvarðar við uppgræðslu vegfláa. Vistfræðifélag Íslands. Haustráðstefna 17. nóvember 2012. Sótt 24.1.2013 af: [http://vistis.files.wordpress.com/2012/11/vistis-hausradstefna2012-agrip\\_lokapdf.pdf](http://vistis.files.wordpress.com/2012/11/vistis-hausradstefna2012-agrip_lokapdf.pdf).
- BirdLife International 2004. Birds in Europe. Population estimates, trends and conservation status. BirdLife conservation series no. 12. BirdLife International, Cambridge. 374 bls.
- Cade o.fl. 2006. Gyrfalcon, *Falco rusticolus*. Birds of the Western Palearctic interactive 2.0. Birdguides, London.
- European Environment Agency 2012. Palaeartic Habitats. Sótt 3.1.2012 af <http://eunis.eea.europa.eu/references/1435/habitats>.
- Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2009. Gróðurfur við Bakka norðan Húsavíkur. NA-090087. Unnið fyrir HRV/Alcoa á Íslandi. Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað. 7 bls.
- Hörður Kristinsson 2010. Íslenska plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Mál og Menning. Reykjavík, 364 bls.

- Hörður Kristinsson 2012a. Reitakerfin. Sótt 3.1.2012 af <http://www.floraislands.is/reitakerfi.htm>.
- Hörður Kristinsson 2012b. Tölvupóstur til höfundar 11. janúar 2012.
- Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitaskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 70: 58-65.
- Jón S. Ólafsson, Friðbjófur Árnason og Sesselja G. Sigurðardóttir 2010. Bakkaá og Reyðará á Tjörnesi. Úttekt á lífverum og umhverfi þeirra vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka. Veiðimálastofnun og Náttúrustofa Norðausturlands. 20 bls.
- Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Starri Heiðmarsson, Halldór G. Pétursson og Regína Hreinsdóttir 2004. Náttúrufræði í nágrenni fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis við Héðinsvík. Skýrsla unnin fyrir Atlantsál hf. Náttúrufræðistofnun Íslands: NÍ-04001.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 291 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík, 82 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins 2010. Alaskalúpína og skógerkerfill á Íslandi. Útbreiðsla, varnir og nýting. Skýrsla til umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins. 30 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2012a. Lyngmóavist. *Dwarf scrub heath*. Sótt 10.1.2012 af <http://www.ni.is/vistgerdir/stadreyndasidur/nr/13493>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2012b. Plöntuvefsja. Sótt af 3.1.2012 af <http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2012c. Skilgreining og flokkun vistgerða. Sótt 22.1.2012 af <http://www.ni.is/vistgerdir/skilgreining-og-flokkun/>
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2012d. Vetrarfuglatalning 2011. Sótt af 3.1.2012 af [http://www.ni.is/media/vetrarfuglar/Vet11/T2011\\_14.htm](http://www.ni.is/media/vetrarfuglar/Vet11/T2011_14.htm).
- Ólafur Árnason, Alexandra Kjeld og Friðrik Klingbeil Gunnarsson 2011. Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík með allt að 66 þúsund tonna framleiðslugetu. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun 21. desember 2011. Efla, verkfræðistofa. Reykjavík, 35 bls.
- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunarvegna Náttúruverndaráætlunar 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 118 bls.
- Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson 2009. Fuglar og gróður á fyrirhuguðu línustæði Þorlákshafnarlína 2 og 3. Unnið fyrir Landsnet. 25 bls.
- Ólafur K. Nielsen, Jenný Brynjarsdóttir og Kjartan Magnússon 2004. Vöktun rjúpnastofnsins 1999–2003. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 47. Náttúrufræðistofnun, Reykjavík, 110 bls.
- Sigurður H. Magnússon og Kristín Svavarsdóttir 2007. Áhrif beitarfriðunar á framvindu gróðurs og jarðvegs á lítt grónu landi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 49. Náttúrufræðistofnun, Reykjavík. 67 bls.
- Umhverfisráðuneytið 2012. Alþjóðlegir umhverfissamningar - Bernarsamningur. Sótt af 3.1.2012 af <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45>.

Þorkell Lindberg Þórarinsson 2008. Fuglalíf á framkvæmdasvæðum fyrirhugaðs álvers að Bakka á Tjörnesi. Unnið fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands, Húsavík. 12 bls.

Þorkell Lindberg Þórarinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008. Farfuglar í fjörum í nágrenni Bakka á Tjörnesi að vori. Unnið fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands, Húsavík. 17 bls.

1. viðauki. Háplöntur sem fundust á athugunarsvæðinu í landi Bakka við Húsavík, 4. september 2011. Plöntuheiti fylgja þeim sem notuð eru í Íslensku plöntuhandbókinni eftir Hörð Kristinsson (2010).

Íslenska	Latína	Íslenska	Latína
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	Hengistö	<i>Carex rariflora</i>
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>	Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	Hreggstaðaviðir	<i>Salix sp.</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	Hrímblaðka	<i>Atriplex glabruscula</i>
Blátoppastör	<i>Carex canescens</i>	Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	Hrútaberjalyng	<i>Rubus saxatilis</i>
Blóðarfi	<i>Polygonum aviculare</i>	Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	Húsapuntur	<i>Elytrigia repens</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus subborealis</i>	Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>	Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Dagstjarna	<i>Silene dioeca</i>	Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>	Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Engjarós	<i>Comarum palustre</i>	Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>
Fjallalógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>	Lambagrass	<i>Silene acaulis</i>
Fjallaviðir	<i>Salix arctica</i>	Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Fjaldalafífill	<i>Geum rivale</i>	Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>	Loðviðir	<i>Salix lanata</i>
Fjöruarfi	<i>Honckenya peploides</i>	Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	Lyfjagrass	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>	Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Grænvöndur	<i>Gentianella amarella</i>	Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>	Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Háliðagrass	<i>Alopecurus pratensis</i>	Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>	Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis neglecta</i>	Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>	Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>



1. viðauki. Framhald. Háplöntur sem fundust á athugunarsvæðinu í landi Bakka við Húsavík, 4. september 2011.

Íslenska	Latína	Íslenska	Latína
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>	Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Skariffífill	<i>Leontodon autumnalis</i>	Útlagi	<i>Lysimachia punctata</i>
Skógarkerfill	<i>Anthriscus sylvestris</i>	Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	Vallefting	<i>Equisetum pratense</i>
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>	Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia cespitosa</i>	Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Stjörnuarfi	<i>Stellaria crassifolia</i>	Viðja	<i>Salix myrsinifolia ssp. borealis</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	Þrenningarfjóra	<i>Viola tricolor</i>
Trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>	Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>		

2. viðauki. Lágplöntur (mosar og fléttur) og sveppir sem fundust á athugunarsvæðinu á Bakka við Húsavík, 4. sept. 2011.

Plöntuheiti fylgja þeim sem notuð eru á vefnum [www.floraislands.is](http://www.floraislands.is)

Íslenska	Latína
a) Mosar	
Engjaskraut	<i>Rhytidiadelphus squarrosus</i>
Hraungambri	<i>Racomitrium lanuginosum</i>
Melagambri	<i>Racomitrium ericoides</i>
b) Fléttur	
Fjallagrös	<i>Cetraria islandica</i>
Hreindýrakraókar	<i>Cladonia arbuscula</i>
Mariugrös	<i>Flavocetraria nivalis</i>
Melakræða	<i>Cetraria muricata</i>
Skollakræða	<i>Alectoria ochroleuca</i>
Surtarkræða	<i>Alectoria nigricans</i>
c) Sveppir	
Sortukúla	<i>Bovista nigrescens</i>
Kúalubbi	<i>Leccinum scabrum</i>

3. viðauki. Þekja í % í fimm reitum í landi Bakka við Húsavík, 4. sept. 2011. Reitirnir voru 50x50 cm. Heildarhlutfall getur verið hærra en 100%. X = ein til örfáar plöntur.

Rammi	1	2	3	4	5
Búsvæði	Lyngmói	Mýri	Lyngmói	Melur	Melur
Ógróið					99
Fléttur	5				
Mosi	1	60			
Alaskalúpína				90	
Beitilyng	50		30		
Bláberjalyng	20		5		
Blátoppastör		1			
Blásveifgras					X
Blávingull	5				1
Blóðberg			1		1
Brjóstagras	X		X		
Grasvíðir			1		
Gulstör		15			
Hálmgresi		30			
Holtasóley	5		10		
Hrafnaklukka		X			
Kornsúra	X		1		
Krækilyng	50		75		
Móasef			5		
Mýradúnurt		X			
Mýrastör		20			
Mýrelfting		3			
Skarififill	X				
Smjörgras	1				
Stinnastör	X				
Tunglurt	X				
Túnvingull	1				
Týtulíngresi			3		
Vallarsveifgras		3		25	
Varpasveifgras				X	
Pursaskegg			X		
Tegundir alls	14	9	11	3	3

4. viðauki. Fuglar sem fundust á athugunarsvæðinu á Bakka við Húsavík, 4. september 2011, ásamt lista yfir varpfugla sem fundust á athugunarsvæði á Bakka sumarið 2007\* (Þorkell Lindberg Þórarinsson 2008).

Tegund	Latneskt nafn	Fjöldi	Athugasemdir	Varpfuglar*
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>	1	Flaug hjá.	
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	2	Flugu hjá.	x
Grágæs	<i>Anser anser</i>	Fáeinarnar	Heyrt í þoku, sáust ekki.	x
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>	1	Kvenfugl við árósl Bakkaár.	
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	Fáeinarnar	Heyrt í þoku, sáust ekki.	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	8	6 í ætisleit í lyngmóa, ein fullorðin með unga.	x
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>			x
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1	Á flögri í klettum við Forvaða.	
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	2	1 flaug upp úr alaskalúpínu, einn flaug upp við smá læk.	x
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>			x
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>			x
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>			x
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>			x
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>			x
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	1	Flaug yfir.	
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	12	Kvenfugl með 11 unga.	x
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>			x
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	5	Í ætisleit í vegkanti.	x
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	1	Flaug hjá, var á veiðum.	
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	6	Flugu yfir.	x
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	1	Heyrt, á flugi.	x
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	1	Kvenfugl við árósl Bakkaár.	x
Svarfbakur	<i>Larus marinus</i>	4	Flugu yfir.	x
Silfurmafur	<i>Larus argentatus</i>			x
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	4	Flugu hjá.	x
Þúfuttillingur	<i>Anthus pratensis</i>	1	Tísti.	x
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>	138	122 í Bakkakrók, 16 í Forvaða.	x
Tegundir alls		19		21



### **Viðauki 3 - Fornleifar**

*Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á Bakka á Húsavík, S-Pingeyjarsýslu. Fornleifafræðistofan, Reykjavík Unnið fyrir EFLU hf. fyrir hönd PCC SE. Bjarni F. Einarsson, 2012.*

*Tvær byggingarlóðir og vegstæði á Bakka á Tjörnesi. Fornleifakönnun 2012. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík. FS489-12041. Oddgeir Isaksen, 2012.*



Fornleifaskráning  
vegna mats á umhverfisáhrifum  
fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á  
Bakka á Húsavík, S-Þingeyjarsýslu



Forsíðumyndin sýnir gamla dráttarvél sem þjónað hefur sínu hlutverki. Vélin er á túni því sem fornleifar/minjar 2 - 4 eru í. Ljósmynd. BFE.

## **F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Eflu hf

© Bjarni F. Einarsson

Apríl 2012



### ***Inngangur***

Að beiðni Eflu hf. fyrir hönd PCC SE tók Fornleifafræðistofan að sér að kanna á vettvangi allar fornleifar sem kynnu að leynast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á Bakka á Húsavík, S - Þingeyjarsýslu (sjá mynd 1).

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, viðeigandi örnefnaskrár og Friðlýsingarskrá.

Vettvangsvinna fór fram þann 15. apríl síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 – n. Fylgt var númerakerfi Fornleifafræðistofunnar og byrjað á næsta lausa númeri í viðkomandi sveitarfélagi.

Sérstaklega skal tekið fram að hugsanlegar veglínur eða önnur svæði fyrir mannvirki tengd hinni fyrirhuguðu starfsemi utan við könnunarsvæðið voru ekki könnuð með einni undantekningu, en það var svæðið þar sem fornleifar nr. 8 fundust.

Öllum fornleifum (sem finnast) eru gefnar einkunnir fyrir minja- og varðveislugildi. Einkunnirnar eru á skalanum 1 – 10. Matið, *ekkert*, *lítið*, *talsvert* og *hátt* er notað eftir sem áður.

Þegar hættumatið var skilgreint var gengið út frá núlllausn eða núllkosti, þ.e.a.s. aðrir þættir en sjálf framkvæmdin voru í brennidepli, en framkvæmdin hefur mikil áhrif á allar minjarnar, nema hugsanlega nr. 8, en henni stafar allavega tímabundin hætta vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Sú hætta ætti að hverfa eftir að framkvæmdum lýkur og tillit hefur verið tekið til minjanna og/eða viðunandi mótvægisaðgerðir gerðar.

Fulltrúi verkkaupa var Ólafur Árnason hjá Eflu hf verkfræðistofu. Ýmsar upplýsingar veittu ónafngreindir sjómenn á Gónhól. Kann ég þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

### Skráningin

Í næsta nágrenni við hin könnuðu svæði eru engar friðlýstar fornleifar. Sunnan við svæðið er þó svokölluð Þjófadys, en hún fannst ekki við könnunina enda var hennar ekki leitað mjög stíft (Örnefnaskrá. Húsavík og Bakkaland).

Bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. 10. grein laganna hljóðar svo: „*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*“ Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001, nr. 107). Margar þeirra minja sem nú voru skráðar gætu verið frá því fyrir 1912, en að því verður varla hægt að komast með vissu, án rannsóknar. Því er betra að líta á þær sem fornleifar frekar en ekki og láta þær þannig njóta vafans.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ákvæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Nr.	Tegund	Fj.	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Mótnægisaðgerð
2:1	Fornleið	1	Landeyðing	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	GPS mæling og ljósm.
3:1	Þúst	1	Skepnur	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Könnunarskurður
4:1	Rúst	1	Skepnur	Sæmilegt	1900-	Ekkert (0)	Ekkert (0)	Könnunarskurður
5:1	Gerði	1	Skepnur	Sæmilegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Könnunarskurður
6:1	Þúst (þyradsy)	1	Skepnur	Ágætt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Könnunarskurður
7:1	Gerði	1	Skepnur	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Könnunarskurður
8:1	Þúst (refag?)	1	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Heildarrannsókn
9:1	Þúst	1	Engin	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Könnunarskurður
Samtals:								
8 staðir		8 fornleifar/minjar			Meðaleinkun: 2,5 Meðaleinkun: 2,5			


Tafla yfir skráðar fornleifar á hinu kannaða svæði við Bakka, norður af Húsavík.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 8 staðir með 8 fornleifum eða meintum fornleifum.

Þrjár staðanna geyma minjar eldri en árið 1900 en aðrir geyma yngri minjar, þó ekki verði hægt að kveða nánar úr um það né staðfesta eins og áður greinir.

Hættan og hættumatið í skráningunni var ekki miðuð við hina fyrirhuguðu framkvæmd, heldur við aðrar hættur. Af hinni fyrirhuguðu framkvæmd stafar mikil hættu og ljóst að framkvæmdin mun nær örugglega raska öllum fornleifum/minjum á svæðinu verulega, nema meintri refagildru rétt norðan við könnunarsvæðið.

Fornleiðin (fornleifar nr. 2:1) var ekki rakin nema rétt út fyrir áhrifasvæðið sem kannað var. Á svæðinu voru fleiri greinilega mjög ungar minjar um kartöflurækt. Þær voru ekki skráðar en þyrfti að kanna um leið og aðrar fornleifar/minjar yrðu kannaðar til öryggis ef af framkvæmdum verður.



Mynd 1. Kort sem sýnir staðsetningu fornleifa á hinu kannaða svæði, og fornleifa sem skráðar voru í tengslum við aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir (hringir utan um punkt efst á myndinn. Kort Efla hf/Fornleifafræðistofan).

Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna eða komast hjá raski á þeim þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til þess og hlíta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Í ágætu ástandi voru einar ungar minjar. Sex fornleifar/minjar voru taldar í sæmilegu ástandi og í lélegu ástandi voru einar fornleifar.

Helsta hættan sem að minjunum steðjar eru skepnur (hestar). Einnig voru einar fornleifar í hættu vegna landeyðingar. Tvær minjar voru ekki í neinni hættu.

Meðal minja- og varðveislugildi minjanna er 2,5 sem telst vera lítið. Hæstu gildin hafa meint refagildra sem þó er rétt utan við svæðið (fornleifar nr. 8:1). Hefur hún gildin 7 í báðum tilvikum. Sé hún ekki reiknuð með eru meðalgildin 1,86.

Sérstök athygli er vakin á því að fornleifa varð vart utan við áhrifasvæðið og flestar þeirra sem eru norðan við svæðið hafa verið skráðar í tengslum við aðrar framkvæmdir.

### ***Almennt um mótvægisáðgerðir***

Með hnitsetningu fornleiða er átt við að fornleifarnar verði hnitsettar inn í landskerfið (Ís-net 93) með nægri nákvæmni (nokkrir sentimetrar).

Með könnunarskurði er átt við skurð þvert á vegg fornleifanna/minjanna í þeim tilgangi að freista þess að aldursgreina þær (gjóskugreining/C-14 greining eftir atvikum) og kanna hvort eldri leifar kunni að leynast undir þeim. Það er mat höfundar að í engum tilfellum séu eldri leifar undir, en hins vegar sé ákveðin óvissa um aldur margra minjanna og er þá spurningin aðallega um það hvort þær uppfylli kröfuna um 100 ára regluna eða ekki. Mælt er með því að öryggisholur verði grafnar hér og hvar á túnunum sem eru á könnunarsvæðinu til að fullreyna hvort fornleifar kunni að leynast þar sem sléttað hefur verið fyrir túnunum.

Eina fullnaðarrannsóknin sem mælt er með varðar hina meintu refagildru, en hún er utan við rannsóknarsvæðið og ef hægt er að tryggja öryggi hennar þarf engra mótvægisáðgerða við.

### ***Niðurstaða***

Alls fundust 8 staðir sem geymdu 8 fornleifar/minjar á hinu kannaða svæði.

Meðaleinkunn (minja- og varðveislugildi) minjanna er 2,5 eða með öðrum orðum lítil í báðum tilfellum. Athygli er vakin á því að fornleifar er að finna í næsta nágrenni könnunarsvæðisins.

Ef nauðsynlegt reynist að raska þeim fornleifum sem hafa lítið minjagildi ættu mótvægisáðgerðir ekki að vera aðrar en þverskurðir í vegg. Leita þarf leyfis Fornleifaverndar ríkisins vegna allra mótvægisáðgerða og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til þeirra. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Verði talið nauðsynlegt að nota önnur svæði utan við hið kannaða svæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem birgðastöðvar fyrir efni, námur, aðreinar að svæðinu o. s. frv. þarf að kanna þau áður með tilliti til fornleifa.

Þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru, eru að mati höfundar mjög vel ásættanlegar með tilliti til fornleifa (á skalanum ekki ásættanlegar, varla ásættanlegar, ásættanlegar, vel ásættanlegar og mjög vel ásættanlegar).

### **Heimildir**

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn

Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen assessor í landsyfirréttinum.

Kaupmannahöfn 1847.

*Sýslu- og sóknalýsingar.* Þingeyjarsýslur. Reykjavík 1994.

*Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Örnefnaskrá. *Húsavík og Bakkaland.* Sr. Björn H. Jónsson endursamdi skrá Ara

Gíslasonar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Örnefnaskrá. *Húsavík og Bakki.* Athugasemdir Jóhannesar Jóhannessonar á

Héðinshöfða við Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakka. Skráð í desember 1985.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

# Fornleifaskrá

Húsavík 2 - 9

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Húsavík

Táknatala

6100

Hverfi

Landareign

Húsavík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

15.04.2012

GPS Staðsetning

E 574738 N 619380

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

32

Skekkja

4

Tegund minja

Fornleið

Tilgáta/Niðurstaða

Fornleið

Verk

Bakki 12

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Nei

Landeyðing

Talsverð

Lélegt

1550-1900

Verksmiðjufr.

Mikil

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 60 - 70 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðvegnum og um 100 m SA af ströndinni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Fornleið.**

Leiðin er mjög hlykkjótt og skiftir sér gjarnan í marga slóða, sérstaklega þar sem hún liggur neðarlega syðst á rannsóknarsvæðinu. Þegar mest er liggur hún á allt að 15 m breiður svæði. Víða sker hún sig djúpt í svörðinn, allt að 0,6 m. Ekki er hægt að rekja leiðina yfir allt svæðið, en hún er vel greinileg víða eins og við norður enda svæðisins.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi leiðarinnar þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með nákvæmri hnitsetningu leiðarinnar vel út fyrir sjálft áhrifasvæðið.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla	Sveitarfélag	Táknatala	Hverfi
Suður-Þingeyjarsýsla	Húsavík	6100	
Landareign	Nr	Heiti	
Húsavík			

Undirnr.

1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekki
Bjarni F. Einarsson	15.04.2012	E 574691 N 619415	Ísn. 93	27	4

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Þúst	-	Bakki 12	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1900-		-	-	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei		

## Legg og staðhættir

Um 80 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðvegnum og um 90 m SA af ströndinni. Í miðju afgirtu túni.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Þúst.

Um 3 m í þvermál, veggir úr torfi/mold um 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. 0,8 m djúp hola er í miðri rústinni, 1 x 1,5 m stór. Mannvirkið virðist ungt og hola enn yngri.

Við rústina eru a.m.k. þrjár gamlir kálgarðar/kartöflugarðar og tveir þeirra eru með gaddavírsgirðingu umleikis. Í þeim má sjá kamba eða reiti. Þústin er á milli tveggja þeirra.

### Teikning/Ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

## Athugasemdir

Mælt er með því að þúfuskurður verði grafinn í mannvirkið til að tryggja að ekki sé um eiginlegar fornleifar að ræða. Því er mælt með því að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

4

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Húsavík

Táknatala

6100

Hverfi

Landareign

Húsavík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

15.04.2012

GPS Staðsetning

E 574643 N 619464

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

29

Skekkja

4

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Bakki 12

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Ekkert

0

Varðveislugildi

Einkunn 2

Ekkert

0

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 150 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðvegnum og um 30 m SA af ströndinni. Í miðju afgirtu túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

**Rúst.**

4 x 7 m (VNV-ASA). Aðeins er veggur að vestanverðu og er hann um 1,2-1,3 m breiður og 0,5 m hár. Aðrir veggir eða vegglínur eru grafnar niður. Hér hefur staðið timburhús lítilla grafið niður. Veggir og botn eru vel grónir grasi.

Rúma 10 m SA af rústinni er ungur kálgarður/kartöflugarður, með girðingu eins og sést á neðri ljósmyndinni.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Mælt er með því að prufuskurður verði grafinn í mannvirknið til að tryggja að ekki sé um eiginlegar fornleifar að ræða. Því er mælt með því að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja ef vilji er til þess að ljúka verkinu ef um fornleifar sé að ræða.



# Fornleifaskrá

Aðalnr.

5

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Húsavík

Táknatala

6100

Hverfi

Undirnr.

1

Landareign

Húsavík

Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

15.04.2012

GPS Staðsetning

E 574641 N 619543

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

33

Skekkja

5

Tegund minja

Gerði

Tilgáta/Niðurstaða

Kálgarður

Verk

Bakki 12

Fjöldi

1

Hættumat

Skepnur

Hætta

Lítill

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1900-

Í eyði

Tímab. hættumat

-

Tímab. hætta

-

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

2

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

2

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 100 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðvegnum og um 10-20 m SA af ströndinni. Sunnan undir barði í jaðri túns/móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

29 x 52 m (N-S). Veggir úr torfi (og grjóti?), 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir. Gerðið er óreglulegt í grunnfletinum.

Eystri hlutinn allur og hluti þess syðri og nyrðri, er grafinn niður í hallann.

Veggir og botn eru vel grónir grasi.

Á neðri myndinni er nærmynd af SV-horni gerðisins, en þar eru veggir greinilegir.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Mælt er með því að prufuskurður verði grafinn í mannvirknið til að tryggja að ekki sé um eiginlegar fornleifar að ræða. Því er mælt með því að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja ef vilji er til þess að ljúka verkinu ef um fornleifar sé að ræða.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

6

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Húsavík

Táknatala

6100

Hverfi

Landareign

Húsavík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

15.04.2012

GPS Staðsetning

E 574676 N 619671

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

26

Skekkja

5

Tegund minja

Þúst

Tilgáta/Niðurstaða

Hestaleiði

Verk

Bakki 12

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Lítið

Lítið

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Um 50 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðveginum og um 50 m SA af ströndinni. Í miðju afgirtu túni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Þúst.

1,3 x 2 m (N-S). Hæð þústarinnar er um 0,2 - 0,3 m. Við sinn hvorn endan eru steinar (hellur) sem hljóta að vera mannaverk. Þústin er vel gróin grasi.

Þústin er eins og leiði og gæti verið yfir húsdýr svo sem hest eða hund.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Mælt er með því að prufuskurður verði grafinn í mannvirknið til að tryggja að ekki sé um eiginlegar fornleifar að ræða. Því er mælt með því að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja ef vilji er til þess að ljúka verkinu ef um fornleifar sé að ræða.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

7

Sýsla	Sveitarfélag	Tákntala	Hverfi
Suður-Þingeyjarsýsla	Húsavík	6100	
Landareign	Nr	Heiti	
Húsavík			

Undirnr.

1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	15.04.2012	E 574722 N 619908	Ísn. 93	24	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gerði	Kálgarður	Bakki 12	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Merkja?
Skepnur	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		-	-	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Um 100 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðvegnum og um 10-20 m SA af ströndinni. Í móa.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Gerði.

Um 30 x 58 m (N-S). Veggir úr torfi (og grjóti?), 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Gerðið er óreglulett í grunnfletinum og austur hliðin hlykkjótt, en þar er enginn veggur, heldur grafið niður í hallann.

Eystri hluti er óreglulegur og þar er ekki garður umleikis.

Veggir og botn eru vel grónir grasi og mosa og í lyngi, sérstaklega í norðurhlutanum.

Í suðurhlutanum eru leifar af timburskúr eða hjalli.

Á neðri myndinni er nærmynd af NV-horni gerðisins, en þar eru veggir greinilegir.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi gerðisins þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska því og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með þverskurðum og prufuhölu í gerðinu.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

8

Sýsla

Suður-Þingeyjarsýsla

Sveitarfélag

Húsavík

Tákntala

6100

Hverfi

Landareign

Húsavík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

15.04.2012

GPS Staðsetning

E 574788 N 620115

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

28

Skekkja

5

Tegund minja

Þúst

Tilgáta/Niðurstaða

Refagildra

Verk

Bakki 12

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Talsverð

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Byggingaframkv.

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

7

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

7

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Austan í lágum klapparhól um 70 m austur af ströndinni og um 35 m suður af girtu túni. Í holti.

Þústin er rétt norðan við rannsóknarsvæðið eins og það leit út nú.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Þúst.

1 x 1,3 m (NA-SV). Úr grjóti og 0,1 m há. Þústin er ferhyrnd og hugsanlegt op snýr mót NA, sjónum.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi þústarinnar þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mælt er með heildar rannsókn.

# Fornleifaskrá

Aðalnr.

9

<i>Sýsla</i> Suður-Þingeyjarsýsla	<i>Sveitarfélag</i> Húsavík	<i>Tákntala</i> 6100	<i>Hverfi</i> 
<i>Landareign</i> Húsavík	<i>Nr</i> 	<i>Heiti</i> 	

Undirnr.

1

<i>Skrásetjari</i> Bjarni F. Einarsson	<i>Dags.</i> 15.04.2012	<i>GPS Staðsetning</i> E 574837 N 619604	<i>Viðmiðun</i> Ísn. 93	<i>M.y.s.</i> 64	<i>Skekkja</i> 5
---	----------------------------	---	----------------------------	---------------------	---------------------

<i>Tegund minja</i> Þúst	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i> Stoðarhola	<i>Verk</i> Bakki 12	<i>Fjöldi</i> 1
<i>Hættumat</i> Ekkert	<i>Hætta</i> Engin	<i>Ástand</i> Sæmilegt	<i>Aldur</i> 1900-
<i>Í eyði</i> 	<i>Tímab. hættumat</i> 	<i>Tímab. hætta</i> 	<i>Merkja?</i> Nei
<i>Minjagildi</i> Lítið	<i>Einkunn</i> 1	<i>Varðveislugildi</i> Lítið	<i>Einkunn 2</i> 1
<i>Friðlýsa?</i> Nei	<i>Friðlýst?</i> Nei	<i>Hvenær</i> 	

## Legg og staðhættir

Norðvestan í Gónhól, um 80 m A af vegaslóða í blásnu lúpínulandi. Í holti.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Þúst.

1,6 x 2,2 m (N-S). Úr grjóti, mjög misstóru og eru stærstu steinarnir í jaðrinum.

Um 50 m SA af þústinni gæti verið önnur þúst, mun grófari. Hún og nr. 9 og nr. 6 mynda nær beina línu frá ströndinni.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

## Athugasemdir

Mælt er með því að þúfuskurður verði grafinn í mannvirknið til að tryggja að ekki sé um eiginlegar fornleifar að ræða. Því er mælt með því að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Sama á við um þústina sem er um 50 m frá þessari.



# TVÆR BYGGINGARLÓÐIR OG VEGSTÆÐI Á BAKKA Á TJÖRNESI. FORNLEIFAKÖNNUN 2012



**Oddgeir Isaksen**



**FS489-12041**

**Reykjavík 2012**

©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)



## EFNI

INNGANGUR	5
Fornleifakönnun í landi Bakka á Tjörnesi 2012	5
Fyrri rannsóknir	5
Aðferðir	7
Áhrif framkvæmda á fornleifar	7
Niðurstöður	10
Svæði A	10
Svæði A. Fornleifaskrá	10
Svæði B og D	15
Svæði B og D. Fornleifaskrá	15
Úttektarsvæði C	21
Svæði C. Fornleifaskrá	22
Niðurlag	30
Heimildir	32
Staðsetningarhnit fornleifa í ISN93	35



# INNGANGUR

## Fornleifakönnun í landi Bakka á Tjörnesi 2012

Í mars 2012 fór skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins Norðurþings þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses, að hún gerði fornleifakönnun á tveimur nýlega skipulögðum byggingarlóðum í landi Bakka á Tjörnesi, sem til skamms tíma hafði verið ætlað undir álver. Auk þess var farið fram á að könnuð yrðu tvö vegstæði sem leggja á um svæðið. Könnun á vettvangi fór fram dagana 24.- 27. apríl og sá Oddgeir Isaksen um verkið en niðurstöður eru birtar í eftirfarandi skýrslu.

### Fyrri rannsóknir

Haustið 2001 var Húsavíkurland fornleifaskráð (Fornleifastofnun Íslands 2002: FS166-01171), fyrst svæðisskráð og þá farið á vettvang og aðalskráð. Sumarið 2003 var svo gerð sérstök fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers í landi Bakka, Tröllakots og Héðinshöfða (Fornleifastofnun Íslands 2003: FS219-03121).

Vegna ýmissa breytinga á framkvæmdaáformum við Bakka, sem gerðar voru í ljósi niðurstaðna fornleifaskráningarinnar 2003, óskaði Húsavíkurbær (21. september 2006) eftir mati Fornleifaverndar ríkisins (FVR) á því hvaða rannsóknir þyrfti að gera á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Í svari Sigurðar Bergsteinssonar minjavarðar hjá FVR, dags. 12.október 2006 kom fram að gera þyrfti sérstakt umhverfismat vegna fornleifa á þessum svæðum. Þann 12. apríl 2007 óskaði Húsavíkurbær eftir aðstoð Fornleifastofnunar Íslands (FSÍ) við undirbúning að mati á áhrifum framkvæmda vegna álvers á Bakka á Tjörnesi. Ákveðið var að starfsmenn Fornleifastofnunar tækju saman stutta samantekt um fyrri athuganir og stöðu fornleifaathugana og gerðu jafnframt tillögur um frekari athuganir í ljósi fyrirbyggjandi gagna um umfang framkvæmda á álverslóð og á vegarstæði milli Húsavíkurhafnar og Bakka. Þann 5. maí 2007 lagði Fornleifastofnun fram „Samantekt um stöðu fornleifarannsóknna vegna fyrirhugaðs álvers hjá Bakka á Tjörnesi“, þar sem m.a. voru lagðar fram tillögur um tilhögun frekari athugana. Þann 15. júní tilkynnti framkvæmda- og umhverfissvið Húsavíkurbæjar um samþykki bæjaryfirvalda til að hefja þegar árið 2007 brýnustu athuganir – með hliðsjón

af áður nefndri greinargerð. Samkvæmt tillögunum var gert ráð fyrir að vinna við umhverfismat og væntanlegar mótvægisáðgerðir færu fram árin 2007 og 2008. Árið 2007 var gert ráð fyrir að gert nýtt umhverfismat vegna álverslóðar annars vegar og vegarstæðis hins vegar. Nýtt umhverfismat skyldi fela í sér endurskoðun á eldri skráningargögnum, samræmingu á þeim við endanleg lóðarmörk/vegarstæði sem og öðrum nýjum upplýsingum um framkvæmdina, gerð yrðu ný minjakort, og teknar saman nýjar skýrslur fyrir umhverfismat lóðar og vegarstæðis. Eins var gert ráð fyrir að gerður yrði takmarkaður uppgröftur á minjum innan lóðamarka og grafnir könnunarskurðir til að athuga hvort minjar leyndust undir sverði innan lóðar. Fyrir árið 2008 var gert ráð fyrir að gerð yrði samskonar forkönnun á vegarstæði, og loks fornleifarannsóknir á fornleifum sem víkja þyrftu vegna framkvæmda innan lóðar og í vegarstæði.

Sumarið 2007 hófst svo undirbúningsvinna við nýja fornleifaskrá, á áhrifasvæði hins fyrirhugaða álvers á Bakka, í samræmi við ofangreindar tillögur, þar sem rætt var við heimildamenn og fornleifaskráningin frá 2003 var endurskoðuð. Forsendur voru nokkuð breyttar því framkvæmdaaðilar höfðu endurhannað, með tilliti til fornleifa, bæði álverslóðina sem og vegarstæðin. Fyrirhugaður vegur frá álveri og norður úr, sem gert var ráð fyrir 2003, var dottinn út af teikniborðinu og vegarstæði frá Húsavík og norður að Bakka hafði verið breytt. Vettvangsvinna fór fram í byrjun september 2007 þar sem vegarstæði á milli Húsavíkur og Bakkahöfða og álverslóðin voru könnuð með tilliti til fornleifa. Niðurstöður rannsókna voru gefnar út í tveimur skýrslum. Efni þessara tveggja skýrslna skarast að miklu leyti en í annarri er kastljósinu beint að álverslóðinni (Fornleifastofnun 2007: FS359-07191) og í hinni að vegarstæðinu (Fornleifastofnun Íslands 2007: FS360-07192).

Í október 2008 hafði framkvæmdaaðili enn á ný samband við Fornleifastofnun vegna breytinga á fyrirhugaðri álverslóð. Breytingin fólst í stækkun lóðarinnar um 500 m til suðurs fyrir Bakkaá. Heildarstækkunin var því um 500 x 200 m stórt svæði suður af áður áætlaðri álverslóð. Hluti þessa svæðis hafði verið deiliskráður árið 2007, annars vegar vegna álverslóðar og hins vegar vegna vegarstæðis milli Húsavíkur og Bakka. Stærstur hluti svæðisins, sem stækkunin náði til, var þó óskráður og var óskað eftir því að gerð yrði sambærileg fornleifakönnun fyrir þetta svæði og gerð hafði verið fyrir álverslóðina árið 2007. Fornleifaskráning á fyrirhugaðri stækkun lóðar fór fram um miðjan október

2008 og í kjölfar hennar hafði Fornleifastofnun með höndum eftirlit með vélgreftri fjögurra könnunarskurða sem grafnir voru í tengslum við rannsóknir vegna skjálftavirkni á svæðinu. Niðurstöður fornleifaskráningar og könnunarskurða birtust í kjölfarið sem komu út í nóvember 2008 (Fornleifastofnun 2008, FS397-07193 og FS398-07194)

## Aðferðir

Þær lóðir sem núverandi úttekt nær til (hér nefndar svæði A og svæði B) og vegstæðin (hér nefnd svæði C og svæði D) ná að stærstum hluta yfir svæði sem ekki höfðu verið könnuð áður en þó að hluta yfir svæði sem þegar hafði verið kannað ítarlega vegna álversins. Áður enn farið var á vettvang þurfti því að taka saman niðurstöður fyrri rannsókna og færa inn á skipulagskort svo hægt væri að samræma þær hinu nýja skipulagi og skilgreina nákvæmlega þau svæði sem vettvangskönnunin ætti að ná til.

Svæði D er áhrifasvæði vegstæðis sem er tengibraut við þjóðveginn um Tjörnes, við stofnbraut (svæði C) sem liggja á í gegnum mitt skipulagssvæðið á Bakka frá norðri til suðurs. Var henni ætlað að liggja vestur frá þjóðvegi um heimatúnið á Bakka. Könnun fyrri rannsókna leiddi í ljós að þar var skráð talsvert af minjum og auk þess var ljóst að búast mætti við að fleiri minjar undir sverði líkt og er algengt um gömul heimatún á Íslandi. Var ákveðið að færa vegstæðið til suður yfir Bakkaá, í norðurjaðri svæðis B og verður fjallað um þessi svæði saman í eftirfarandi skýrslu.

Á vettvangi var gengið markvisst um þau svæði sem ekki höfðu verið rannsökuð áður og fundust nokkrar fornleifar við þá könnun sem skráðar voru á hefðbundinn hátt og kortlagðar. Auk þess var farið á nokkra minjastaði sem áður höfðu verið skráðir, en þóttu þurfa endurskoðunar við af ýmsum ástæðum.

Í skýrslunni sem hér fer á eftir verður fjallað um hvert svæði fyrir sig og greint frá þeim fornleifum sem fundust á þeim við vettvangskönnun í ár sem og í fyrri rannsóknum. Fornleifakort er að finna í viðauka fyrir aftan við skýrsluna.

## Áhrif framkvæmda á fornleifar

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérilagi staðir

sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir liggja fyrir, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir:

10. gr.: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki

heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

13. gr.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja semmenn hafa gert

eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

## Niðurstöður

Á þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar voru samtals skráðar 30 fornleifar. Þar af er 21 fornleif talin er í *stórhættu* (beinlínis inni á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum) en 9 fornleifar eru taldar í *hættu* vegna nálægðar við framkvæmdasvæðin og gætu skemmst af þeim sökum t.d vegna umferðar vinnuvéla. Hér að neðan verður fjallað um hvert úttektarsvæði fyrir sig og þeim fornleifum lýst sem þar er að finna. Skal það tekið fram hér að nokkrar fornleifanna eru þess eðlis (þ.e. áveitukerfi og garðlög) að þær ná yfir stór svæði og koma því fyrir á fleiri en einu af úttektarsvæðunum.

### Svæði A

Svæði A er 22 ha byggingarlóð austan við Bakkahöfða. Austurmörk svæðisins eru við vegstæði (svæði C) sem liggur á norður-suður um skipulagssvæðið á Bakka en vesturmörkin eru rétt austan við Bakkahöfða.

Alls eru skráðar 7 fornleifar sem taldar eru verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda á svæði A.

Sex fornleifar (**SP-312:020**, **SP-312:021**, **SP-312:033**, **SP-312:036**, **SP-312:038** og **SP-312:037**) eru inni á sjálfu svæðinu og teljast því í *stórhættu* vegna framkvæmda. Er um að ræða stórar mógrafir (**SP-312:020**), áveitukerfi (skurðir og garðlög **SP-312:021**), tvær tóftir (**SP-312:036** og **SP-312:038**) og tvö forn garðlög (**SP-312:033** og **SP-312:077**). Tvær þessara minja, áveitukerfið, **SP-312:021** og garðlag **SP-312:033** eru einnig í *stórhættu* vegna framkvæmda á svæði C.

Ein fornleif (**SP-312:040**), fornt garðlag, er sunnarlega í vesturjaðrinum á svæði A og telst því í *hættu* vegna framkvæmda þar en telst þó í *stórhættu* vegna fyrirhugaðs vegstæðis (svæði C) og verður fjallað um það síðar.

### Svæði A. Fornleifaskrá

**SP-312:020** Svörður náma mógrafir

66°04.784N 17°19.713V

"Bakkagróf liggur upp úr Bakkakrök rétt norðan við fjárhús [019], er enn sjást, en sunnan við Svörð eða Svarðargrafir, mýrlendi norðan og vestan við Bakkatún.", segir í örnefnaskrá. Svarðargrafirnar eru enn



mjög greinilegar um 520 m norðaustan við bæ 001. Þær eru merkjanlegar neðan (vestan) við vegslóða sem liggur niður að Bakka og Bakkahöfða. Grafirnar eru flennistórar og ná frá því svæði þar sem vegurinn beygir til norðurs og að vegaslóða sem liggur frá veginum að Bakkahöfða. Grafirnar eru í suðvestur jaðri þess svæðis sem áður var skipulagt undir álver.

Deiglent svæði og má sjá móta fyrir grónum gröfum.

[Skráning 2001]: Svarðargrafirnar hefjast nokkru neðan við veg (40 m) þær eru 0,8 m á dýpt en rakar en vel grónar. Svæðið í heild sinni er um 100 X 150 m [15.000 m<sup>2</sup>]. [Skráning 2012]: Samkvæmt eldri skráningunni þótti mógrafasvæðið enda, að sunnanverðu, við skurð sem liggur þar frá austri til vesturs. Vettvangskonun 2012 leiddi hinsvegar í ljós að vel mátti greina mógrafir sunnan skurðarins, en þó nær algjörlega fylltar og grónar. Hefur gröftur skurðarins þurrkað þær upp. Einnig taldi skrásetjari að vel mætti greina grafir austan við áðurnefndan vegslóða. Mógrafasvæðið er því nokkuð stærra en áður var talið, eða um 22.000 m<sup>2</sup>. Mógrafasvæðið er að mestu innan svæðis A samkvæmt núverandi skipulagi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Húsavík og Bakkaland, 14

**SP-312:021** garðlag/skurðir áveita

66°04.417N 17°20.740V


í "Norðan við Svörð [020] er Langholt eða Svarðarholt. Um holtið liggur vegur frá Bakka út að fjöru. Er Bakkamýrin austan holtsins. Stór hluti af vestanverðri mýrinni var votlendur mjög, og auk þess var áður fyrr veitt á mýrina vatni á vorin úr Bakkalæknum. Vatninu var veitt í drag uppi hallinu, er heitir Grafningur.", segir í örnefnaskrá. Mikil garðlög, sem mynda stórfellt áveitukerfi, eru greinileg í Bakkamýri. Garðlögin eru enn greinileg og liggja um Bakkamýrar. Garðlag sést fast ofan við veginn sem liggur að Bakka og Bakkahöfða og liggur það austur-vestur í mýrinni langleiðina upp að þjóðvegi. Þetta garðlag skiptir mýrinni í Ytri- og Syðri-Flæður. Áveitukerfið er innan svæðis B auk þess sem áætlað vegstæði (svæði C) fer yfir það á nokkrum stöðum. Telst það því í stórhættu vegna framkvæmda.



**Mynd 1: Áveitugarður. Horft í ASA**

Garðlögin liggja um mýrarsvæði.

"Kringum mýrina var á þrjá vegu hlaðinn allmikill aðhaldsgarður með afhleypibúnaði, og þvergarður skipti mýrinni í tvennt, og nefndust hólfín Syðri- og Ytriflæður. Svo virðist sem Bakkalækurinn hafi verið tekinn út úr Bakkaá í Bakkaselsdal fyrir langa löngu. Lækurinn rann svo munað er þvert í gegnum gang, sem lá milli fjóss og bæjar á Bakka [001]. Var neyzluvatn í bæ og fjós tekið við tilbúin bunufoss í ganginum.",



**Mynd 2: Einfölduð teikning af heystæði A**


heystæði (B) er um 360 m SSA við (A). Það er sunnan í lyngi vöxnu holti, um 400 m norðan við bæ (001). Heystæðið er 4 X 3 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr NNV-SSV. Áveitugarðar og –skurðir í flóamýrinni mynda áveitukerfi og er því skráð undir sama númeri. Áveitukerfið er sýnt með ljósbláum lit á korti aftast í skýrslunni.

segir í örnefnaskrá. Um er að ræða kerfi áveitugarða sem bæði norður-suður og austur-vestur í mýrinni. Samtals kom skrásetjari auga á 7-8 garðspotta, flesta tengda hverjum öðrum og nokkrar skurði, m.a. langan skurð sem liggur til SV að sjó hjá Bakkagróf. Garðarnir eru flestir innan við 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Þeir ná samtals yfir svæði sem er 500 X 270 m stórt. Við skráningu fundust 2 heystæði í mýrunum en fastlega má búast við að hey hafi verið sett upp á flestum þeirra holta sem standa upp úr mýrinni. Eitt þessara heystæða (A) er á

lágu, þýfðu og grösugu holti í mýrinni. Það er á milli tveggja áveitugarða sem liggja til NNA. Heystæðið er 10 m neðan við efri áveitugarðinn en 40 m ofan við þann neðri. Það er UM 670 m norðan við bæ (001). Heystæðið er 4-5 X 2 m og snýr NNA-SSV. Annað

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Húsavík og Bakkaland, 14



**Mynd 3: Einfölduð teikning af heystæði B**

**SP-312:033** garðlag

66°04.496N 17°20.243V

Garðlag, fornlegra og signara en garðlögin í áveitukerfinu sem liggur um Bakkamýrar (021), er greinilegt frá garðlaginu sem liggur frá stekknunum (013) og til austurs. Garðlagið er fyrst greinilegt frá umræddu garðlagi (077) og svo virðist sem garðlögin tvö hafi komið saman í námunda við þar sem vegurinn er nú. Garðlagið liggur síðan áfram til austurs á lágu holti. Rúmlega 200 m ofar tekur við mýri og hverfur garðlagið þá næstum alveg á um 250 m kafla. Það verður svo aftur greinilegt efst í mýrinni þar sem aftur

taka við holt. Þar liggur garðurinn í tæpa 200 m að núverandi þjóðvegi um Tjörnes. Eldri þjóðvegur liggur samsíða þeim yngri að austanverðu og má aftur greina garðlagið á um 30 kafla á milli þeirra. Garðurinn er svo aftur merkjanlegur austur frá eldri veginum á um 50 m kafla en beygir eftir það til austnorðaustur í um 150 m. Eftir það liggur garðlagið aftur um 100 m til austurs uns það hverfur alveg.

Garðlagið hefur legið um mýrar og mela.

Garðlagið er samtals um 1 km á lengd og eru þá meðtaldir þeir hlutar þar sem það er horfið í mýrlendi eða vegna vegagerðar. Það er víða mjög breitt, allt að 5 m, en er um 0,3-0,4 m á hæð. Garðlagið er mun fornlegra en flest þau garðlög sem liggja um mýrina og virðist ekki vera hluti af áveitumannvirkjum. Austasti hluti garðlagsins er í landi Tröllakots. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðlagið hefur gegnt. Um 250 m af garðlaginu eru innan skipulagssvæðis A miðað við núverandi skipulag. Það liggur einnig yfir fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á norður-suður um skipulagssvæðið á Bakka.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Mynd 4: Garðlag SP-312:033. Horft í ASA**

**SP-312:036** tóft

66°04.407N 17°20.937V

Tóft er ásvæði A, um 40 m austan við malarveg sem liggur frá þjóðvegi vestur á Bakkahöfða, þar sem hann beygir skarpt til norðurs. Lágt holt rís úr umhverfinu og er tóftin sunnan undir því. HORFT Í A

Tóftin er um 7 m N-S og 3,5 m á breidd og er ekkert grjót að sjá í henni. Op er til suðvesturs. Hleðsluhæð er um 0,4 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Mynd 5: Tóft SP-312:036. Horft í A**

**SP-312:038** tóft

66°04.409N 17°20.982V

Tóft er á svæði A, fast austan við malarveg sem liggur austur frá þjóðvegi austur á Bakkahöfða, um 30 m sunnan við hvar hann sveigir til norðurs og um 30 m vestur frá tóft 036.

Á mörkum mýrar og harðmóa.

Tóftin er 5,5 m N-S og 4,5 m á breidd. Dyraop er á norðurhlið. Óljóst er hvort op eru einnig á s- og vesturhliðum því tóftin er talsvert rofin. Austurveggur tóftar er heillegur en vesturveggur virðist vera



raskaður, sennilega vegna vegagerðar. Ekkert grjót er að sjá í tóftinni og er mesta hleðsluhæð um 0,4 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Mynd 6: Tóft SP-312:038. Horft í A**

**SP-312:040** garðlag óþekkt

66°04.349N 17°20.594V

Fornlegt garðlag er um 260 m norður af bæjarstæði Bakka (SP-312:001), á norðurmörkum túns, sem nú er fallið í órækt, og mýrarflóa.

Á mörkum túns og mýrarflóa.

Garðlagið er um 180 m á lengd og liggur austur-vestur. Garðlagð er afmyndað af lyngi vöxnu stórpýfi og ber það svipmót af fornum garðlögum sem rannsökuð hafa verið í Suður-Þingeyjarsýslu á undanförunum árum hafa verið aldursgreind allt aftur til 10. aldar. Er það um 5 m á breidd en hleðsluhæð er um 1 m. Garðlagið liggur í gegnum fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á norður-suður um skipulagssvæðið á Bakka og telst það því í *stórhættu* vegna framkvæmda af þeim sökum. Það liggur jafnframt að austurjaðrinum á svæði A og telst í *hættu* vegna framkvæmda þar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:077** garðlag

"Norðan við [Bakka]Höfðann er Stekkur og Stekkjarhóll [ SP-312: 013]...", segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftirnar eru við Stekkjarhól sem er ofan við Kotsvík. Þær eru 900 m norðnorðvestan við bæ [SP-312:001] en 800-900 m neðan við þjóðveg. Garðlag liggur til SA frá stekknunum í um 325 m en liggur svo um til suðvesturs í um 85 m. Er rúmur helmingur þess innan svæðis A, samkvæmt núverandi skipulagi. Skammt frá þar sem garðlag 077 liggur yfir malarveg sem liggur um svæðið, gengur annað garðlag til austurs sem er skráð sem SP-312:033.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## Svæði B og D

Svæði B er 22 ha byggingarlóð, sunnan Bakkaár. Norðurmörk þess eru um 40 m frá ánni vestast en þar sem gamli þjóðvegurinn um Tjörnes liggur á brú yfir ána, er fjarlægðin um 100 m. Vesturmörk svæðisins fylgja strandlínunni og er fjarlægð frá henni á bilinu 40 til 140 m. Austurmörk svæðisins liggja meðfram núverandi þjóðvegi um Tjörnes en suðurmörkin eru svo á bilinu 470 til 620 m frá norðurmörkunum.

Svæði D er vegstæði sem tengja á núverandi þjóðveg um Tjörnes, við fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á norður-suður um skipulagssvæðið á Bakka. Var því upphaflega ætlaður staður rétt norðan Bakkaár en það þótti óhentug staðsetning m.t.t. fornleifa og var því ákveðið að færa vegstæðið og staðsetja það svæðinu milli Bakkaár og norðurjaðars svæðis B. Verður fjallað um þessi svæði saman í eftirfarandi umfjöllun. Alls eru skráðar 14 fornleifar á úttektarsvæðinu sem nær yfir svæði B og D og teljast allar í *stórhættu* vegna framkvæmda. Er um að ræða leið eða reiðgötur (**SP-311:014**), tvö garðlög (**SP-312:028 og SP-312:050**), sjö dysjar (**SP-312:064, SP-312:065, SP-312:068, SP-312:069, SP-312:070, SP-312:071 og SP-312:076**), eina tóft (**SP-312:066**), eina þúst (**SP-312:067**), eina vörðu (**SP-312:075**) og eina óskilgreind hleðslu (**SP-313:178**).

### *Svæði B og D. Fornleifaskrá*

**SP-311:014** gata leið

66°04.489N 17°19.647V

"Gamla reiðgötur liggja framhjá réttinni, og ofanvert við bæjarhólinn í Tröllakoti. " HH, 143. Hægt er að rekja þessar götur, á loftmynd, til suðvesturs frá Tröllakoti vestur fyrir núverandi þjóðveg um Tjörnes. Eftir það má greina þær beggja vegna gamla þjóðvegarins um Tjörnes, sem er vestan núverandi þjóðvegar, um 260 m suður fyrir Bakkaá. Eftir það fylgja þær gamla þjóðveginum, að vestanverðu, áfram til suðvesturs í um 400 m, en sveigja svo til suðausturs og enda loks við öskuhauga Húsavíkur eftir um 600 metra. eru þessar götur jafnframt víða sýnilegar á vettvangi. Liggja þær þvert í gegnum svæði B og D og teljast því í *stórhættu* vegna framkvæmda.

Um er að ræða marga samsíða troðninga. Er mesta samanlögð breidd þeirra um 80 m en minnsta um 12 m. Yfirleitt eru þær þó á bilinu 40-50 m á breidd. Heildarlengd þeirra frá Tröllakoti að öskuhaugunum er um 2,5 km.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** HH, 143

**SP-312:028** garðlag

66°04.132N 17°20.828V



**Mynd 7: Garðlag SP-312:028. Horft í A**

bakkabrúninni við sjávarmálið og upp í hlífina. Hann hefur nú verið eyðilagður á löngum kafla en er fyrst merkjanlegur ofan við suðurjaðar túna. Garðlagið er algjörlega innan svæðis B og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Norðan við garðlagið eru tún en sunnan við það móar.

Garðurinn er mjög skýr þar sem hann sést. Hann er um 1,3 m á hæð en 1,5 m á breidd. Hann er greinanlegur á 75 m kafla þar sem hann endar til austurs liggur annað garðlag minna til norðurs í 15 m. Þetta garðlag er 0,3 m á hæð en 1 m á breidd.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:SH I, 211

Garðlag: "...sunnan við Bakkaána, suður að gömlum garði, sem þá var...Sigurður S. Bjarklind var mjög hneigður fyrir búsjúslu og unni fjárrækt. Hann fékk svo með erfðafestubréfi 10. desember 1924 svonefndan Bakkhúsvöll á Bakka til umráða. [...] Ennfremur fékk hann til umráða óræktað land, sunnan við Bakkaána, suður að gömlum garði og uppundir þjóðveginn, sem þá var."SH I."SH I. Garður þessi lá áður frá

**SP-312:050** garðlag

66°04.005N 17°20.992V



**Mynd 8: SP-312:050. Horft í NNA**

Um 80 m austur frá sjávarkambi, um 260 m suðvestur frá garðlagi [SP-312:028], eru ummerki einhverskonar hólfis. Er þetta garðlag rétt innan við vesturjaðar svæðis B og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Grösuget svæði sem hallar örlítið mót vestri.

Misóhrjállegir garðar eru umhverfis hólfíð, sennilega eru einhverjir garðar hlaðnir en aðrir eru greinilega undan seinnitíma girðingum. Svæðið innan garðanna og ruðninganna er um 180 fm. Að öllum líkindum eru þessi mannaverki ekki gömul nema ef vera skyldi garðstubbur sem gæti verið gamall að stofni til.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:064** dys óþekkt

66°04.067N 17°20.800V

Uppi á melhól, sunnan við gömul tún frá Bakka, um 95 m suðvestur frá austurenda garðlags [SP-312:028], er grjóthringur eða dys gróin í svörð. Er hún innan svæðis B miðað við skipulag 2012 og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Dysin er í allstóru rofsári, á malarás sem liggur norður-suður, sem farið er að gróa upp. Umhverfis má sjá allhá rofabörð, allt upp undir 0,4 m á hæð.

Dysin er um 1,5 m í þvermál, gróin og sokkin í melinn. Ekki er um hleðslu að ræða, þótt hún hafi mögulega verið en sé nú fallin. Dysin er fremur formfögur, einn stór steinn er í miðju, fremur stórir steinar umhverfis hann en minnka svo í ytri hring.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Mynd 9: Dys SP-312:064. Horft í S**

**SP-312:065** dys óþekkt

66°04.059N 17°20.813V

Uppi á melhól, sunnan við gömul tún frá Bakka, um 20 m suðvestur af dys [SP-312:064], er grjóthringur eða dys gróin í svörð. Er hún innan svæðis B miðað við skipulag 2012 og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Dysin er í allstóru rofsári, á malarás sem liggur norður-suður, sem farið er að gróa upp. Umhverfis má sjá allhá rofabörð, allt upp undir 0,4 m á hæð.

Dysin er um 2 m í þvermál og er grónari og meira áberandi en dys 064. Grjót er fremur stórt, en þó er mögulega smærra grjót undir sverði.


**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Mynd 10: Dys SP-312:065. Horft í N**

**SP-312:066** tóft óþekkt

66°04.165N 17°20.742V



**Mynd 11: Einföld teikning af tóft SP-312:066**

Tóft er fast sunnan við Bakkaá, um 90 m vestur af fjárrétt sem er rétt sunnan brúar yfir ána. Tóftin er rétt norðan við norðurjaðar svæðis B en inni á svæði D sem ætlað er fyrir vegstæði. Telst hún því í stórhættu vegna framkvæmda.

Á þýfðu holti fast sunnan ár, en norðaustanvið gömul tún frá Bakka. Tóftin er einföld og fremur sigin. Hún er um 6x4,5 m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er á vesturhlið.

Hleðslur eru úr torfi og um 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:067** þúst óþekkt

66°04.158N 17°20.714V

Í norðausturhorni gamals túns frá Bakka, um 25 m austsuðaustur frá tóft [SP-312:066] eru tvær þústir. Þústirnar eru rétt norðan við norðurjaðar svæðis B en inni á svæði D sem ætlað er fyrir vegstæði samkvæmt skipulagi 2012. Teljast þær því í stórhættu vegna framkvæmda.

Á þýfðu holti.

Þústirnar eru bungumyndaðar og þýfðar og ná samtals yfir svæði sem er um 15x10 m að stærð. Engar tóftir eða tóftabrot eru greinanleg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:068** dys óþekkt

66°04.110N 17°20.902V



Dys, eða grjótdreif, er á lynggrónum melhól sunnan við gömul tún frá Bakka, um 80 m vestsuðvestur af garðlagi [SP-312:068]. Dysin er innan svæðis B miðað við skipulag 2012 og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Í rofsári, sem farið er að gróa upp, á annars lynggrónum melhól.

Dysin er alveg fallin og sigin í svörðinn. Er hún 1 m í þvermál, gróin skófum og mosa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Mynd 12: Dys SP-312:068. Horft í S**



**SP-312:069** dys óþekkt

66°04.063N 17°20.888V

Dys, eða grjótdreif, er á lynggrónu holti sunnan við gömul tún frá Bakka, um 50 m vestur frá dys [SP-312:065]. Dysin er innan svæðis B miðað við skipulag 2012 og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Í rofsári, sem farið er að gróa upp, á annars lynggrónum melhól. Sjá má allhá rofabörð umhverfis rofsárið, allt að 0,3 m á hæð.

Dysin er talsvert sigin og gróin. Er hún um 0,6 m í þvermál.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Mynd 13: Dys SP-312:069. Horft í A**

66°04.079N 17°20.906V

**SP-312:070** dys óþekkt

Dys, eða grjótdreif, er á lynggrónu holti sunnan við gömul tún frá Bakka, um 30 m norðvestur frá dys [SP-312:069]. Dysin er innan svæðis B miðað við skipulag 2012 og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Í rofsári, sem farið er að gróa upp, á annars lynggrónum melholti. Sjá má allhá rofabörð umhverfis rofsárið, allt að 0,3 m á hæð.

Grjótið er allt sigið og gróið í svörð. Dysin er um 1,5 m í þvermál.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



**Mynd 14: Dys SP-312:070. Horft í SV**

**SP-312:071** dys óþekkt



**Mynd 15: Dys SP-312:071. Horft í A**

66°04.086N 17°20.925V

Dys, eða grjótdreif, er á lynggrónu holti sunnan við gömul tún frá Bakka, um 20 m vestnorðvestur frá dys [SP-312:070]. Dysin er innan svæðis B miðað við skipulag 2012 og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Dysin stendur út úr jaðri rofsári, sem farið er að gróa upp, á annars lynggrónum melholti. Sjá má allhá rofabörð umhverfis rofsárið, allt að 0,3 m á hæð.

Dysin er um 1,5 m í þvermál.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:075** varða óþekkt



**Mynd 16: Varða SP-312:075. Horft í NA**

64°04.117N 17°20.721V

Varða er á hól skammt norðuraustur af austurenda garðlags [SP-312:028] og um 90 m suðvestur af fjárrétt úr timbri sem er sunnan Bakkaár, skammt suðvestur af brú yfir ána. Er hún innan svæðis B og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Varðan er á áberandi melhól sem er að mestu vaxinn lyngi og grasi, en er farinn að blása upp að sunnanverðu.

Varðan er um 1,5 x 1,5 m að flatarmáli að neðanverðu, en mjókkar upp. Varðan er mikið til hrunin og gróin, en hundapúfa sem myndast hefur á henni gerir hana áberandi. Þó má sjá

glitta í grjóthleðslur að neðanverðu við suðvesturhorn hennar. Með hundapúfunni er hún um 0,8 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda.


**SP-312:076** dys.....óþekkt

64°04.069N 17°20.817V

Dys er um 10 m vestur af dys [SP-312:064]. Er hún innan svæðis B og telst því í stórhættu vegna framkvæmda.

Dysin er í allstóru rofsári, á malarás sem liggur norður-suður, sem farið er að gróa upp. Umhverfis má sjá allhá rofabörð, allt upp undir 0,4 m á hæð.

Um er að ræða dálitla grjóthrógu sem er um 0,5 m í þvermál. Er hún skráð hér, þótt lítilfjörleg sé, sökum nálægðar við dysjar [SP-312:064 og 065].



**Hættumat:** stórhættu, vegna

**Mynd 17: Dys SP-312:076. Horft í V**

**SP-313:178** hleðsla

66°03.875N 17°21.061V

Norðvestan við Draugadys [SP-312:106], í landi Húsavíkur, neðan við gamlan þjóðveg um Tjörnes, sem liggur samsíða núverandi þjóðvegi, um 250 m suðsuðvestur af garðlagi [SP-312:050] í landi Bakka, eru 2 afgirtir túnblettir í órækt. 30-40 m norðaustan við [SP-313:177] er einhvers konar upphækkun. Hún hefst fast norðan við nyrðra túnstæðið. Ekki er ljóst hvers kyns mannvistarleifar eru á þessum stað en þó virðist öruggt að þarna hefur einhvers konar upphleðsla verið. Hún sker sig úr umhverfinu, sérstaklega að vestan (og svolítið að norðan). Svo virðist sem þessi staður lendi rétt ofan við ráðgerðan vegarslóða frá Húsavíkurhöfn að áætluðu álveri á Héðinshöfða. Gömlum, úr sér genginni hefur verið lagt ofan við svæðið en norðan þess er hús af Trader-pallbíl.

Utan við (norðan við) afgirtan túnblett. Grasi vaxið, aflíðandi svæði að sjó.

Svæðið er 13 X 13 m að stærð. Það er hærra en umhverfið og svo virðist helst sem þarna hafi verið hlaðið undir eitthvað.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## Úttektarsvæði C

Svæði C nær yfir fyrirhugað vegstæði sem liggja á til norðurs í framhaldi af vegstæði frá Húsavík að iðnaðarsvæði. Suðurendi svæðis C er sunnan Bakkaár um 200 m suðvestur af bæjarstæði Bakka [SP-312:001]. Það á vegurinn að liggja um 1 km til norðurs en beygir eftir það til austurs og sameinast loks núverandi þjóðvegi um Tjörnes. Mestur hluti vegstæðisins er innan þess svæðis sem áður var kannað vegna álversins, en gera

þurfti frumkönnun, á vettvangi, á um 230 m löngum kafla frá þjóðveginum að norðausturmörkum álverslóðarinnar. Hér að neðan verður fjallað um vegstæðið sem heild og teknar saman fornleifar sem fundust á svæðinu í ár sem og í fyrri könnunum. Ákveðið var að miða við 50 m úttektarsvæði til beggja átta frá miðlínu vegar.

Alls eru skráðar tólf fornleifar á áhrifasvæði C sem gætu lent í uppnámi vegna vegagerðarinnar. Þar af eru þrjár sem teljast í *stórhættu*, þar sem þær sitja beinlínis í vegstæðinu. Er um að ræða tvö garðlög (**SP-312:033** og **SP-312:040**) og eitt kerfi áveituskurða (**SP-312:021**), en allar eru einnig í uppnámi vegna hugsanlegra framkvæmda á svæði A. Níu fornleifar eru ekki í sjálfu vegstæðinu en teljast þó í *hættu* þar sem þær eru innan við 50 m frá miðlínu þess og gætu orðið fyrir áhrifum vegna vegagerðarinnar, t.d vegna umferðar vinnuvéla. Er um að ræða eina mógröf (**SP-311:019**), einn rústahól (**SP-312:078**), tvær þústir (**SP-312:047** og **SP-312:048**), eina skemmu (**SP-312:023**), tvö útihús (**SP-312:005** og **SP-312:006**), einn kálgarð (**SP-312:011**) og eitt fjárhús (**SP-312:025**).

### *Svæði C. Fornleifaskrá*

**SP-311:019** náma mógrafir

64°04.667N 17°19.932V



**Mynd 18: Mógröf SP-311:019. Horft í V**

Ein stök mógröf er um 120 m vestnorðvestur af mótum núverandi þjóðvegur um Tjörnes og hins fyrirhugaða vegstæðis (svæði C). um skipulagssvæðið á Bakka. Fjarlægð norður frá miðlínu vegstæðisins er um 40 m og telst mógröfin því í *hættu* vegna framkvæmda.

Í stórpýfðu votlendi sem er að mestu vaxið grasi, en þó má sjá lyng inn á milli.

Mógröfin er um 12 m á lengd (austur-vestur) og um 8 m. Er hún mikið til fyllt og gróin, en þó allgreinileg.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-312:005** heimild um útihús

66°20.239N 17°20.840V

"Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný." SH I. Um 160 m sunnan og neðan við bæ 001 var áður úthús samkvæmt túnakorti frá 1919. Þar sem húsin hafa staðið er hæð í sléttuðu túni og á henni er dæld þar sem síðustu útihúsin hafa verið.

Dæld er þar sem síðustu útihúsin á hólnum hafa staðið. Dældin er um 26 m á lengd en 6 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919; SH I, 204

**SP-312:006** *Bakkahús* heimild um útihús

66°04.261N 17°20.869V

"Frá Forvaða [SP-313:095] að Bakkaá, sem kemur ofan úr Bakkaseldal norðan við Húsavíkurfjall, heitir Bakkafjara. Bakkalending [007] er sunnan við ána." "Þar stóð á torfu í fjörunni Sjóbúð [008], er tók af í briminu 1934. Hjallur var upp af Sjóbúðinni, og uppi í túni var Bakkhús og Bakkhúsvöllur.", segir í örnefnaskrá. 90 m utan og neðan við 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Þetta hús var samkvæmt Jóhanni Hermannssyni nefnt Bakkahús. Útihúsið var rétt utan þess svæðis sem nú er skipulagt undir álver, nálægt fyrirhuguðum vegslóða frá Húsavíkurhöfn.


Ekki sjást lengur merki hússins en það hefur verið fast suðaustan við 011 þar sem nú er skýli fyrir kindur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Húsavík og Bakkaland, 13 og túnakort 1919

**SP-312:011** *Kirkjugarður* gerði kálgarður

66°04.287N 17°20.916V



Mynd 19: Einföld teikning af *Kirkjugarði* SP-312:011

"Austan við bugðu á [Bakka]ánni er gamall Kirkjugarður.", segir í örnefnaskrá. "Kirkjugarður, neðst í Bakkatúni.", segir í örnefnaskrá NN. Enn sjást nokkrar leifar um garðinn, um 500 m neðan við Þjóðveg en 200 m frá bæ. Vegstæði (svæði C) á að liggja rétt austan við gerðið samkvæmt skipulagi 2012. Er fjarlægð gerðisins vestur frá miðlinu vegstæðisins tæpir 30 metrar og telst það því í hættu vegna framkvæmda.

Garðurinn er á grasi vaxinni brún, neðar tekur við grösug dæld sem Bakkaá rennur eftir til sjávar. Umhverfis eru annars sléttuð tún.



**Mynd 20: Kirkjugarður SP-312:011. Horft í VNV**

"Mótar þar fyrir 30 leiðum, og snýr aðeins eitt austur og vestur.", segir í örnefnaskrá. Garðurinn snýr austur-vestur og er ferningslaga ef frá er talið útskot sem liggur frá suðurhlið hans. Hann er um 13 m á breidd en 30 m á lengd. Meintar grafir liggja alveg meðfram norðurhlið hans en eru ógreinilegri annars staðar. Skrásetjari greindi um 25 slíkar "grafir" en nokkrar þeirra voru fremur óljósar og ljóst að fleiri voru í garðinum en orðnar ógreinilegar. Að innanmáli var garðurinn um 28 X 10 m. Suðaustast í garðinum er "gröf" sem snýr austur-vestur en

aðrar slíkar þústir snúa norður-suður. Leifar garðsins sjálfs eru víðast um 0,3 m á hæð en 1,5 m á breidd. Nú eru kindur á beit í hólfinu þar sem garðurinn er og hefur verið byggt skýli alveg við garðinn. Er hann rofinn sunnarlega, líklega sökum þessara framkvæmda. Í bréfi frá Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi segir: "Ég kom að svonefndum kirkjugarði á Bakka þann 3. júní árið 2000. Ég teiknaði upp lauslega skissu af staðnum og skoðaði þar jarðlagaskipan í rofabarði sem var í suðausturhorni garðhleðslunnar. Mér sýndist að þar væri a-lagið í torfhleðslu og taldi því að garðurinn gæti vart verið eldri en frá síðari hluta 15. aldar. Ég dreg mjög í efa að þetta sé kirkjugarður, enda snúa "leiðin" í N-S." Gerðið var skoðað á vettvangi 2012 og telur skrásetjari að um kálgarð sé að ræða, en hin meintu leiði innan hans eru að öllum líkindum beðasléttur.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Húsavík og Bakkaland, 13; Ö-Húsavík og Bakkaland NN, XI

**SP-312:021** garðlag/skurðir áveita

66°04.417N 17°20.740V

Í Norðan við Svörð [020] er Langholt eða Svarðarholt. Um holtið liggur vegur frá Bakka út að fjöru. Er Bakkamýrin austan holtsins. Stór hluti af vestanverðri mýrinni var votlendur mjög, og auk þess var áður fyrr veitt á mýrina vatni á vorin úr Bakkalæknum. Vatninu var veitt í drag uppi hallinu, er heitir Grafningur.", segir í örnefnaskrá. Mikil garðlög, sem mynda stórfellt áveitukerfi, eru greinileg í Bakkamýri. Garðlögin eru enn greinileg og liggja um Bakkamýrar. Garðlag sést fast ofan við veginn sem liggur að Bakka og Bakkahöfða og liggur það austur-vestur í mýrinni langleiðina upp að þjóðvegi. Þetta garðlag skiptir mýrinni í Ytri- og Syðri-Flæður. Áveitukerfið er innan svæðis B auk þess sem áætlað vegstæði (svæði C) fer yfir það á nokkrum stöðum. Telst það því í stórhættu vegna framkvæmda.


Garðlögin liggja um mýrarsvæði.

"Kringum mýrina var á þrjá vegu hlaðinn allmikill aðhaldsgarður með afhleypibúnaði, og þvergarður skipti mýrinni í tvennt, og nefndust hólfín Syðri- og Ytriflæður. Svo virðist sem Bakkalækurinn hafi verið tekinn út úr Bakka í Bakkaseldal fyrir langa löngu. Lækurinn rann svo munað er þvert í gegnum gang, sem lá milli fjóss og bæjar á Bakka [001]. Var neyzluvatn í bæ og fjós tekið við tilbúin bunufoss í ganginum.", segir í örnefnaskrá. Um er að ræða kerfi áveitugarða sem bæði norður-suður og austur-vestur í mýrinni. Samtals kom skrásetjari auga á 7-8 garðspotta, flesta tengda hverjum öðrum og nokkrar skurði, m.a. langan skurð sem liggur til SV að sjó hjá Bakkagróf. Garðarnir eru flestir innan við 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Þeir ná samtals yfir svæði sem er 500 X 270 m stórt. Við skráningu fundust 2 heystæði í mýrunum en fastlega má búast við að


hey hafi verið sett upp á flestum þeirra holta sem standa upp úr mýrinni. Eitt þessara heystæða (A) er á lágu, þýfðu og grösugu holti í mýrinni. Það er á milli tveggja áveitugarða sem liggja til NNA. Heystæðið er 10 m neðan við efri áveitugarðinn en 40 m ofan við þann neðri. Það er UM 670 m norðan við bæ (001). Heystæðið er 4-5 X 2 m og snýr NNA-SSV. Annað heystæði (B) er um 360 m SSA við (A). Það er sunnan í lyngi vöxnu holti, um 400 m norðan við bæ (001). Heystæðið er 4 X 3 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr



**Mynd 21: Áveitugarður. Horft í ASA**



**Mynd 22: Einfölduð teikning af heystæði A**



**Mynd 23: Einfölduð teikning af hefstæði B**

NNV-SSV. Áveitugarðar og –skurðir í flóamýrinni mynda áveitukerfi og er því skráð undir sama númeri. Áveitukerfið er sýnt með ljósbláum lit á korti aftast í skýrslunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Húsavík og Bakkaland, 14

**SP-312:023** heimild um skemmu

66°02.255N 17°20.821V

Skemma var niðri á vellinum í Bakka. Völlur er kallaður túnskiki þar sem 005 og 006 stóðu. Ekki man Jóhann Hermannsson eftir skemmu á þessum slóðum.

Sléttuð tún.

Björn Pálsson fluttist...í Bakka og hóf þar búskap árið 1833... byggði hann upp öll útihús og lét reisa ný. Geymsluhús lét hann öll súða með óflettum borðum. Voru það tvær skemmur [sjá einnig 024] niðri á vellinum og tvær heima [025 og 026]. "SH I

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-312:025** fjárhústóft

66°04.235N 17°20.926V



**Mynd 24: Fjárhústóft SP-312:025. Horft í S**

Um 10 m sunnan við Bakká og 190 m austan við bæ 001 eru leifar af fjárhúsi. Fjárhústóftin er 80 m suðsuðaustan við 006. Það er 50 m austan við brún bakkans og 200 m norðaustan við garðlagið 028. Vegstæði (svæði C) á að liggja rétt austan við tóftina samkvæmt skipulagi 2012. Er fjarlægð tóftarinnar vestur frá miðlínu vegstæðisins um 26 metrar og telst hún því í hættu vegna framkvæmda.

Tóftin er í sléttuðu túni.

Um er að ræða greinilega hlöðutóft um 8 x 8 m að stærð og norðan við hana er svo dæld, um 10 x 4 m að stærð, sem að öllum líkindum

er leifar fjárhússins þar sem greina má leifar af garða í henni miðri.



**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-312:033** garðlag

66°04.496N 17°20.243V

Garðlag, fornlegra og signara en garðlögin í áveitukerfinu sem liggur um Bakkamýrar (021), er greinilegt frá garðlaginu sem liggur frá stekknunum (013) og til austurs. Garðlagið er fyrst greinilegt frá umræddu garðlagi (077) og svo virðist sem garðlögin tvö hafi komið saman í námunda við þar sem vegurinn er nú. Garðlagið liggur síðan áfram til austurs á lágu holti. Rúmlega 200 m ofar tekur við mýri og hverfur garðlagið þá næstum alveg á um 250 m kafla. Það verður svo aftur greinilegt efst í mýrinni þar sem aftur taka við holt. Þar liggur garðurinn í tæpa 200 m að núverandi þjóðvegi



**Mynd 25: Garðlag SP-312:033. Horft í ASA**

um Tjörnes. Eldri þjóðvegur liggur samsíða þeim yngri að austanverðu og má aftur greina garðlagið á um 30 kafla á milli þeirra. Garðurinn er svo aftur merkjanlegur austur frá eldri veginum á um 50 m kafla en beygir eftir það til austnorðaustur í um 150 m. Eftir það liggur garðlagið aftur um 100 m til austurs uns það hverfur alveg.

Garðlagið hefur legið um mýrar og mela.

Garðlagið er samtals um 1 km á lengd og eru þá meðtaldir þeir hlutar þar sem það er horfið í mýrlendi eða vegna vegagerðar. Það er víða mjög breitt, allt að 5 m, en er um 0,3-0,4 m á hæð. Garðlagið er mun fornlegra en flest þau garðlög sem liggja um mýrina og virðist ekki vera hluti af áveitumannvirkjum. Austasti hluti garðlagsins er í landi Tröllakots. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðlagið hefur gegnt. Um 250 m af garðlaginu eru innan skipulagssvæðis A miðað við núverandi skipulag. Það liggur einnig yfir fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á norður-suður um skipulagssvæðið á Bakka.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:040** garðlag óþekkt

66°04.349N 17°20.594V

Fornlegt garðlag er um 260 m norður af bæjarstæði Bakka (SP-312:001), á norðurmörkum túns, sem nú er fallið í órækt, og mýrarflóa.

Á mörkum túns og mýrarflóa.

Garðlagið er um 180 m á lengd og liggur austur-vestur. Garðlagið er afmyndað af lyngi vöxnu stórbýfi og ber það svipmót af fornum garðlögum sem rannsökuð hafa verið í Suður-Þingeyjarsýslu á undanföllum árum hafa verið aldursgreind allt aftur til 10. aldar. Er það um 5 m á breidd en hleðsluhæð er um 1 m. Garðlagið liggur í gegnum fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á norður-suður um skipulagssvæðið

á Bakka og telst það því í *stórhættu* vegna framkvæmda af þeim sökum. Það liggur jafnframt að austurjaðrinum á svæði A og telst í *hættu* vegna framkvæmda þar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SP-312:047** þúst

66°04.289N 17°20.759V

Ósléttur blettur er í gömlu túni um 130 m norðvestur frá bæjarhól Bakka [SP-312:001] og um 70 m norðaustur frá gerði [SP-312:011], rétt austan við fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á frá norðri til suðurs um skipulagssvæðið á Bakka. Fjarlægð austur frá miðlínu vegstæðisins er um 16 metrar og telst þessi fornleif því í *hættu* vegna framkvæmda.

Gamalt tún.

Smápýfður blettur sem er minna grösugur en túnið umhverfið en þó iðjagrænn. Sennilegt að fornleifar leynist grunnt undir sverði. Ekkert tóftalag að sjá. Svæðið er 10 x 10 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-312:048** þúst

66°04.223N 17°20.813V

Um 100 m vestur frá bæjarhól Bakka [SP-312:001] og um 60 m austur af fjárhústóft [SP-312:025], er grösugur hólhryggur með fornleifum á. Hóllinn er rétt austan við fyrirhugað vegstæði (svæði C) sem liggja á norður-suður um skipulagssvæðið á Bakka. Fjarlægð austur frá miðlínu vegstæðisins er um 25 m og telst þessi fornleif því í *hættu* vegna framkvæmda.

Grösugur hólhryggur sem snýr NNA-SSV og er um 60 m langur.

Greinilega sér fyrir fornleifum í hólkollinum þótt ekki sjáist mikið á yfirborði annað en 1 m (N-S) löng grjóthleðsla sem gægist upp úr sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SP-312:078** tóftaþyrping

66°04.433N 17°20.565V



**Mynd 26: Rústahóll SP-312:078. Horft í V**

Rústahóll er um 100 m norður af garðlagi [SP-312:040] og um 280 m austan við malarveg sem liggur til norðurs frá Þjóðvegi út á Bakkahöfða. Vegstæði (svæði C) á að liggja rétt vestan við hólinn samkvæmt skipulagi 2012. Er fjarlægð hólsins vestur frá miðlínu vegstæðisins um 20 metrar og telst hann því í *hættu* vegna framkvæmda.

Í flötum mýrarflóa. Hóllinn sker sig úr flatrí mýrinni þar sem hann er mjög svo afmyndaður af stórþýfi.

Hóllinn er um 80 x 70 m að stærð. Má með

sæmilegu móti greina þrjár rústir á honum, auk þess sem garðlag gæti hafa verið umhverfis hann sem er þó nokkuð óljóst. Eru rústirnar mjög fornlegar að sjá og er hugsanlegt að fleiri rústir leynist á hólnum.



**Mynd 27: Tóft á rústahól SP-312:078. Horft í S**

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## Niðurlag

Niðurstöður vettvangsúttektar á tveimur byggingalóðum og tveimur vegarstæðum vorið 2012 eru þær að 30 fornleifar leynast innan áhrifasvæðanna og gætu lent í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Af fornleifunum 30 er 21 fornleif í *stórhættu* en 9 eru í *hættu*. Þær eru:

Númer fornleifar	Tegund	Hlutverk	Svæði	Hættumat
SP-311:014	gata	leið	B og D	stórhætta
SP-311:019	náma	mógrafir	C	hætta
SP-312:005	heimild	útihús	C	hætta
SP-312:006	heimild	útihús	C	hætta
SP-312:011	gerði	kálgarður	C	hætta
SP-312:020	náma	mógrafir	A	stórhætta
SP-312:021	garðlag/skurður	áveita	A og C	stórhætta
SP-312:023	heimild	skemma	C	hætta
SP-312:025	tóft	fjárhús	C	hætta
SP-312:028	garðlag	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:033	garðlag	óþekkt	A og C	stórhætta
SP-312:036	tóft	óþekkt	A	stórhætta
SP-312:038	tóft	óþekkt	A	stórhætta
SP-312:040	garðlag	óþekkt	A og C	stórhætta
SP-312:047	þúst	óþekkt	C	hætta
SP-312:048	þúst	óþekkt	C	hætta
SP-312:050	garðlag	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:064	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:065	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:066	tóft	óþekkt	B og D	stórhætta

Númer fornleifar	Tegund	Hlutverk	Svæði	Hættumat
SP-312:067	þúst	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:068	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:069	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:070	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:071	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:075	varða	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:076	dys	óþekkt	B og D	stórhætta
SP-312:077	garðlag	óþekkt	A	stórhætta
SP-312:078	tóftapyrping	óþekkt	C	hætta
SP-313:178	hleðsla	óþekkt	B og D	stórhætta

Æskilegt væri ef hægt væri að sneiða hjá öllum þessum minjum þegar til framkvæmda kemur og mætti til að mynda merkja staðina á áberandi hátt til að tryggja að þeir verði ekki fyrir raski. Þó er ljóst að ekki verður hjá því komist, í einhverjum tilvikum, að raska minjum. Það er Fornleifaverndar ríkisins á ákveða hvort og með hvaða skilyrðum minjar mega víkja og mun stofnunin leggja til mótvægisáðgerðir í hverju tilviki fyrir sig.

## Heimildir

Fornleifastofnun Íslands

**ÍSLEIF**, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Þjóðminjasafn Íslands

Ágúst Ó. Georgsson, Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík 1990.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild. Tjörneshreppur, túnakort.

Örnefnastofnun

**Ö-Héðinshöfði.** Jóhannes Þ. Jóhannesson skráði.

**Ö-Húsavík og Bakkaland ath. og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. Þráinn Magnússon skráði. Örnefnastofnun.

**Ö-Húsavík og Bakkaland NN:** Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. [Án skrásetjara]. Örnefnastofnun.

**Ö-Húsavík og Bakkaland:** Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. Björn H. Jónsson endursamdi skrá Ara Gíslasonar. Örnefnastofnun.

Bréf frá Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi, 16. nóvember 2001.

Heimildamenn:

Indriði Úlfsson fæddur 1932

Jóhann Hermannsson fæddur 1921

Jónas Bjarnason fæddur 1932

Marteinn Steingrímsson fæddur 1913

Sigurjón Benediktsson fæddur 1951

Sigurjón Jóhannesson fæddur 1926

Valgerður Jónsdóttir fædd 1928

Prentaðar heimildir

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*,  
Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

Fornleifaskráning vegna áætlaðs álvers á Tjörnesi

53

**AÍ:** *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Reykjavík. 1912-1990.

**BBSÞ:** Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985, Reykjavík 1986.

**BBSÞ:** Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1963, Reykjavík 1963.

Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson : *Ferðabók*. Reykjavík, 1943.

Björn Lárusson: *The Old Icelandic land Registers*, Lund 1967.

**DI:** *Íslenskt fornbréfasafn*. II-V, Kaupmannahöfn/ Reykjavík, 18

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning á Húsavík*. Fornleifastofnun Íslands.

Fjölrit, FS166-011702. Reykjavík, 2002.

**FF:** Frásögur um fornaldarleifar II, Reykjavík 1983

**FÍ:** Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I, Kaupmannahöfn, 1968

Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenzkra I-V, Þorsteinn M. Jónsson gaf út,  
Reykjavík 1979.

**HH:** Helgi Hallgrímsson ofl. Skýrsla um könnun á náttúrufari og minjum í nágrenni  
*Húsavíkur*. Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Náttúrugripasafnið á Akureyri,  
Akureyri.

**IA:** *Íslandske annaler indtil 1578*, Gustav Storm gaf út, Chria 1888.

**ÍF:** Íslensk fornrit (Landnámabók) I, Reykjavík, 1933.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, Gunnar Guðmundsson gaf út, Reykjavík 1993.

**JÁM XI:** Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jóhann Hermannsson og Sigurjón Jóhannesson. *Kortabók – Húsavíkurland: Örnefni og söguminjar*. Safnahúsið á Húsavík, Húsavík, 1994.

**KK:** Kálund, Kristian. Íslenskir sögustaðir. Norðlendingafjórðungur III. Reykjavík, Örn og Örlygur 1986.

**LP I:** Jón Sigurðsson. Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla. Helgafell, Reykjavík, 1954.

Oddgeir Hansson og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning á Tjörnesi*. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit, FS117-99201. Reykjavík 2000.

Orri Vésteinsson. Fornleifakönnun: Jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Fornleifastofnun Íslands. FS141-01061. Reykjavík 2001.

**SH I:** Karl Kristjánsson. *Saga Húsavíkur*. I bindi. Húsavíkurkaupstaður, 1981.

**SSP:** Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags Fornleifaskráning vegna áætlaðs álvers á Tjörnesi 1839-1844, Rv. 1994.


**Sturl:** *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Reykjavík 1988.


*Þjóðtrú og þjóðsagnir*. Oddur Björnsson safnaði. Bókaförlag Odds Björnssonar, Akureyri, 1977.





## Staðsetningarhnit fornleifa í ISN93

<b>SAMTALA</b>	<b>EASTINGS</b>	<b>NORTHINGS</b>
311014	575740,2955	620815,5098
311019	575493,7515	621165,7995
312005	574852,3426	620327,3526
312006	574817,6292	620392,8347
312011	574792,9748	620414,1361
312020	574650,9654	620712,9475
312021	574896,326	620685,1373
312021	574936,663	620974,1144
312021	575014,6672	621082,9607
312021	574980,5455	620883,9504
312023	574865,7546	620358,1213
312025	574787,6494	620318,0826
312028	574866,7407	620128,934
312033	575267,3255	620842,7282
312033	574797,1167	620978,2288
312036	574748,2024	620663,047
312038	574713,8834	620666,5972
312040	575009,7363	620562,457
312047	574888,0421	620447,0744
312048	574850,5675	620323,6052
312050	574726,112	619914,9338
312064	574867,9242	620034,4583
312065	574858,2596	620019,074
312066	574907,174	620217,6898
312067	574928,6726	620205,264
312068	574787,0577	620116,3109
312069	574801,4559	620024,991
312070	574787,4522	620053,7874
312071	574773,054	620067,0021
312075	574925,5168	620128,7368
312076	574855,1039	620038,0086
312077	575126,6968	620625,5723
312077	574797,3139	620954,5606
312078	575027,6847	620719,0618
313178	574680,3535	619672,1372











#### **Viðauki 4 - Fjörulíf**

Náttúrustofa Norðausturlands, Minnisblað Þorkels Lindberg Þórarinssonar frá 26. Nóvember 2012 um fjörulíf í Bakkakrók á Tjörneshlíð og áhrif sjódælingarstöðvar.







## Minnisblað

Viðtakandi: Ólafur Árnason, verkfræðistofunni EFLU  
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofu Norðausturlands  
Efni: Fjörulíf í Bakkakrók á Tjörnesi og áhrif sjódælingarstöðvar  
Dags.: 26. nóvember 2012

---

Að beiðni Ólafs Árnasonar hjá verkfræðistofunni Eflu hefur Náttúrustofa Norðausturlands tekið saman þetta minnisblað vegna fjörulífs í Bakkakrók á Tjörnesi. Tilfnið eru fyrirhugaðar framkvæmdir í tengslum við sjóskælingu kísilmálmverksmiðju PCC á svæðinu. Gerð var stutt forskoðun á fjörunni í sunnanverðum Bakkakrók þann 19.10.2012 um háfjöru og byggir þetta minnisblað á þeirri athugun, auk fyrirbyggjandi gagna um nálægar þangfjörur. Verður sú umfjöllun sem hér fer á eftir og mat á áhrifum að skoðast í því ljósi. Talið var óraunhæft að framkvæma beinar athuganir á lífríki þangfjara í sunnanverðum Bakkakrók, sambærilegar fyrri athugunum á svæðinu, vegna árstíma.

### Almenn lýsing

Suðurhluti Bakkakróksins, frá Bakkaá suður að Forvaða, sem er undan lóð PCC er klapparfjara. Áþekkar klapparfjörur eru sunnan undir og fyrir Bakkahöfða og svo Héðinshöfða og Lynghöfða norðar. Þessar fjörur eru með hörðum botni og mjög flatar, þannig að það fjarar langt út af þeim. Í sunnanverðum Bakkakrók er misgróf mól ofan fjörumarka, sem nær upp að rótum grasgróins bakka. Þar er belti upprekins þara sem safnast hefur upp í brimum. Sums staðar hefur einnig safnast sandur inn á milli, einkum neðst (1. mynd).

Klappirnar/skerin sem stóðu upp úr á fjöru þann 19.10.2012 eru þakin þangi en á milli þeirra eru grunnir álar með sléttum hörðum klapparbotni þar sem kalkþörungar (Corallinacea) eru áberandi. Í þessum álum er sums staðar laus sandur ofan á klöppinni.

Bakkafjara, ásamt Bakkahöfða, er á Náttúruminjaskrá og fylgir þar eftirfarandi lýsing á svæðinu: „Bakkafjara og Bakkahöfði, Húsavík. (1) Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. (2) Sérkennilega rofnir sjávarklettar og nafir (berggangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.”

### Þörungar

Í norðanverðum Bakkakrók, þar sem aðstæður eru á ýmsan hátt áþekkar, hefur beltaskiptingu þangtegunda verið lýst (sjá Björgvin R. Leifsson 1996, Björgvin R. Leifsson og Þorkell L. Þórarinnsson 2009). Þar er skipting þeirra eftir hæð nokkuð áberandi, með klapparþang *Fucus spiralis* efst og síðan bólupang *F. vesiculosus*, klóþang *Ascophyllum nodosum* og skúfaþang *F. distichus* eftir því sem neðar dregur í fjöruna. Allar þessar þangtegundir sást í sunnanverðum Bakkakrók í forskoðun þann 29. október 2012. Líklegt má því telja að tegundasamsetning og



beltaskipting þörunga í sunnanverðum Bakkakrók sé áþekkt því sem þekkt er í norðanverðum króknum.

### Smádýr

Heildarfjöldi smádýrategunda eða tegundahópa og þéttleiki í norðanverðum Bakkakrók er í hærri kantinum miðað við nálægar fjörur sem kannaðar hafa verið við Tjörnes (Björgvin R. Leifsson 1996, Björgvin R. Leifsson og Þorkell L. Þórarinsson 2009). Einkum er þar hár þéttleiki kræklinga *Mytilus edulis*, mærudoppu *Skeneopsis planorbis* og þangdoppu *Littorina obtusata*. Engar sjaldgæfar tegundir á landsvísu hafa fundist á svæðinu. Miðað við fjörugerð og þörungabekju má telja að smádýralíf við sunnanverðan Bakkakrók sé á heildina litið sambærilegt því sem gerist í norðanverðum króknum.

### Fuglar

Fuglalíf í fjörum í nágrenni Bakka var kannað reglulega árið 2008 (Þorkell Lindberg Þórarinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008). Sýndu talningar fram á að fjörur í nágrenni Bakka eru mjög mikilvægar fyrir farfugla, enda fara um svæðið a.m.k. um 10.000 farfuglar á vorin. Mikill fjöldi íslenskra varpfugla nýtir sér fjörunar snemma að vori að loknu farflugi, áður en þeir dreifast á varpstöðvar. Auk þeirra fer um svæðið mikill fjöldi umferðarfugla á leið sinni til norðlæ加里 varpstöðva. Mestur fjöldi fugla í fjörum í nágrenni Bakka er einmitt þegar far umferðarfugla nær hámarki um miðjan maí. eru þá um 7000 fuglar að nýta fjörusvæðin.

Rannsóknarsvæðinu árið 2008 var skipt upp í 7 undirsvæði og var Bakkakrókur eitt þeirra. Var hann á meðal fuglaríkustu undirsvæða ásamt Bakkahöfða og Héðinshöfða. Flöt og þangi vaxin sker sem fjarar langt út af, auk þarahrauka ofan flæðamáls gera Bakkakrókinn að mikilvægri fæðuuppsprettu fyrir fugla. Þangdoppur og krækingur, sem finnast í miklum mæli í þangfjörum sambærilegum og í sunnanverðum Bakkakrók (Björgvin R. Leifsson og Þorkell L. Þórarinsson 2009) eru t.d. helsta fæða rauðbrystinga *Calidris canutus* (Alerstam o.fl. 1992) sem er lang algengasti fuglinn í fjörum við Bakka að vorlagi. Þá eru þangflugulirfur, sem finnast í miklu magni í rotnandi þarahraukum, eftirsóknarverð fæða margra vaðfugla og spörfugla.



1. mynd. Séð yfir fjöruna í sunnanverðum Bakkakrök. Ofan og í efri hluta fjörunar er grjót, mól og sandur. Þar er beltí með uppreknum þara. Neðar taka við hnúllungar og síðar klappir sem ná langt út. Inni á milli skerja eru grunnir álar með hörðum botni.

### Áhrif framkvæmdar á lífríki

Samkvæmt upplýsingum frá verkfræðistofunni EFLU, mun fyrirhuguð framkvæmd felast í því að grafa dæluhús og inntaksmannvirki inn í bakkann og fjöruna undan lóð PCC, um 6 m niður fyrir sjávarmál. Grafnir verða tveir 15 m breiðir skurðir sem verða aftur fylltir með efni, grófri ölduvörn yst en fingerðara efni innar. Í gegnum þessar fyllingar verður sjórinn síaður og notaður við kælingu í verksmiðjunni. Útdæling á kælisjó frá verksmiðjunni verður um lögn sem yrði í öðrum hvorum skurðinum og síðan áfram út á um 5 m sjávardýpi. Röskun yrði á botninum á u.þ.b. 10 m breiðu svæði og ölduvörn ofan á sem gengur niður eftir því sem dýpi eykst. Sjáanleg ölduvörn myndaði því n.k. tanga einhverja tugi metra út. Lengd fyrirugaðrar pípu er áætluð rúmí 200 m, þó það liggja ekki nákvæmlega fyrir á þessu stigi. Ekki er gert ráð fyrir neinni efnablöndun á sjónum sem notaður verður til kælingarinnar og skilað verður aftur til sjávar.

Ljóst má vera af framkvæmdalýsingu að talsvert rask og breyting á umhverfinu mun fylgja fyrirhugaðri framkvæmd. Munu áhrif framkvæmdarinnar verða bundin því, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Einhverjum hluta fjörunnar, sbr. framkvæmdalýsingu, verður breytt með beinum hætti með því að grafa skurð í klöppina og koma ölduvörn ofan á. Eðlisbreyting yrði því á þeim hluta fjörunnar. Ekki er talið líklegt að sú breyting muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á lífríki með beinum hætti, enda um afmarkað og frekar lítið svæði að ræða. Einnig væri hægt að lágmarka áhrifin með því að velja pípunni stað þar sem álar liggja á milli skerja, þannig að sem minnstu svæði sem fjarar ofan af verði fórnað. Óbein eðlislæg áhrif framkvæmdarinnar gætu orðið meiri til lengri tíma lítið, verði fyrirhugaður tangi til þess að efni sest til við hann í meira mæli en nú er á svæðinu. Líklegt er að ölduvörn pípunnar/tanginn muni



standa upp úr nokkuð langa leið út, vegna þess hve aðgrunnt er. Ef aukinnar uppsöfnunar mun gæta með gerð tangans, gæti það haft meiri áhrif en pípan og tanginn sjálfur, á þann hátt að botn og þar með botndýralíf gætu breyst á stærra svæði. Óbein áhrif framkvæmdarinnar gætu orðið umtalsverð og líklega neikvæð ef sandur myndi setjast til á stóru svæði við tangann. Þó ekki sé líklegt að sjaldgæfar tegundir væru í hættu, miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um smádýralíf og þörungagróður í Bakkakrók, myndi uppsöfnun sands að öllum líkindum minnka fjölbreytni og magn fjörlífs, bæði þörunga og smádýra, á viðkomandi svæði. Með þeim hætti hefði það neikvæð áhrif á fuglalíf á svæðinu, með minnkun hentugs fæðuöflunarsvæðis og minna fæðuframboði, þó umfangið sé nokkuð óljóst. Önnur áhrif á fuglalíf gætu orðið á framkvæmdatíma, yrði hann að vori, þegar fuglarnir nýta mest fjöruna í Bakkakrók. Gætu þau þá orðið umtalsvert neikvæð vegna truflunar.

Eins og fram hefur komið er Bakkahöfði og Bakkafjara á náttúruminjaskrá, m.a. vegna lífríkra fjara. Skilgreind mörk þess svæðis kunna að liggja eitthvað utar en það svæði sem hér um ræðir en engu að síður er um að ræða sömu vistfræðilegu heildina. Sú heild nær frá sunnanverðri Héðinsvík þar sem klapparfjörurnar byrja, suður fyrir Bakkahöfðann, suður Bakkakrók og fyrir Forvaðann, þar sem sandfjörur taka aftur við. Fyrirhuguð framkvæmd mun því raska þeirri vistfræðilegu heild sem fjörurnar við Bakkahöfða og í Bakkakrók mynda, burtséð frá því hvar nákvæmlega mörk skilgreinds náttúruminjasvæðis liggja.

#### Heimildir:

Alerstam, T., Guðmundsson, G.A. og Johannesson, K. 1992. Resources for long distance migration: intertidal exploitation of *Littorina* and *Mytilus* by knots *Calidris canutus* in Iceland.

Björgvin R. Leifsson 1996. Áhrif skólpmengunar á lífríki þangfjara norður af Húsavík. Unnið fyrir Húsavíkurbæ.

Björgvin R. Leifsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2009. Lífríki þangfjara í nágrenni Bakka á Tjörnesi. Skýrsla unnin fyrir Alcoa. Náttúrustofa Norðausturlands. NNA-0901.

Þorkell Lindberg Þórarinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2008. Farfuglar í fjörum í nágrenni Bakka á Tjörnesi að vori. Skýrsla unnin fyrir Alcoa, 17 bls. Náttúrustofa Norðausturlands NNA-08004.

## Viðauki 5 Starfsleyfi

Drög að starfsleyfi.



# Tillaga að starfsleyfi fyrir PCC Bakki Silicon hf. vegna kísilverksmiðju á Bakka, Norðurþingi

Tillaga unnin í samvinnu við Umhverfisstofnun

kt. 450612-0140

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir PCC Bakki Silicon hf., kt. 450612-0140, til reksturs kísilverksmiðju á iðnaðarsvæðinu á Bakka við Húsavík í sveitarfélaginu Norðurþingi. PCC Bakki Silicon hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðiliábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í ljósboagaofnum allt að 66.000 tonnum á ári af hrákísli (>98,5% Si / e. metallurgical grade Silicon) og allt að 27.000 tonnum af kísilryki auk reksturs fylgibúnaðar, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi.

### 1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Orkunýting skal vera eins góð og kostur er í framleiðslu og stuðla skal að nýtingu varmaorku sé það raunhæfur kostur. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques in the Non Ferrous Metals Industries, December 2001“. Einnig skal hafa hliðsjón af „Draft Reference Document on Best Available Techniques for the Non Ferrous Metals Industries, Draft November 2008“. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.8.

### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um upphaf rekstrar með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Verði rekstri

verksmiðjunnar eða verulegs hluta hennar hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, búnaði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gildistöku starfsleyfis þessa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um fyrirhugaða stöðvun rekstrar með minnst mánaðar fyrirvara og um þær ráðstafanir sem gripið er til í þeim tilgangi að halda umhverfisáhrifum stöðvunarinnar í lágmarki. Gera skal áætlun um útblástur við stöðvun eða bilun verksmiðjunnar.

### **1.6 Endurgangsetning rekstrar**

Tilkynna skal eftirlitsaðila um endurræsinguna ofna ef þeir hafa ekki verið í notkun í meira en mánuð. Tilkynningu þessari skal fylgja áætlun um útblástur.

### **1.7 Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoðað skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi. Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

### **1.8 Breyttar forsendur**

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

### **1.9 Valdsvið og þvingunarúrræði**

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

### **1.10 Upplýsingaréttur almennings**

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

## **2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

### **HRÁEFNI OG FRAMLEIÐSLUVÖRUR**

#### **2.1 Móttaka og flutningur hráefnis**

Við flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki, til dæmis með því að væta efnið. Færibönd og flutningskerfi skulu vera yfirbyggð og fallhæð efna takmörkuð eins og kostur er. Þetta á einnig við um móttöku hráefna.

#### **2.2 Hráefnisgeymslur, vöruhegrymslur og eldsneyti**

Ef hráefni inniheldur fínt efni skulu hráefnisgeymslur vera lokaðar þannig að ekki sé hætt við rykmyndun og foki. Nota skal yfirbyggð eða lokuð kerfi og/eða ryksöfnunarbúnað þar sem hætta er á rykmyndun. Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur. Reynist nauðsynlegt að geyma



hráefni eða framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætt á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar. Geymslur utandyra skulu vera afgirtar eða á annan hátt lokaðar, þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur. Eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Brennisteinn í eldsneyti skal vera í samræmi við það sem selt er á íslenskum markaði hverju sinni.

## LOFT

### 2.3 Hönnun og frágangur

Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun í lágmarki. Rykmagn sem fer út í andrúmsloftið skal vera innan þeirra marka sem fram koma í grein 2.6.

### 2.4 Hreinsun útblásturs

Afgasi frá ofnum og aftöppun skal safna saman og flytja til hreinsivirkis þar sem það skal hreinsað, með pokasíum eða sambærilegum aðferðum, þannig að styrkurinn utan lóðar verði alltaf undir viðmiðunarmörkum reglugerða nr. 251/2002, um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings og nr. 410/2008, um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti. Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki. Umhverfismörk sem gilda utan lóðar skulu vera í samræmi við gildandi reglugerðir um loftgæði.

### 2.5 Losunarmörk sem tengjast heildarframleiðslu

Eftir fyrsta rekstrarár skal magn mengunarefna í útblásturslofti ekki vera yfir neðangreindum mörkum miðað við heildarframleiðslu:

<i>Mengunarefni</i>	<i>Ársmeðaltal(kg/tonn Si)</i>	<i>Mánaðarmeðaltal (kg/tonn Si)</i>
Ryk	XX	XX
Brennisteinsdíoxíð	XX	XX

### 2.6 Losunarmörk sem gilda fyrir útblástur

Að loknu fyrsta rekstrarári skal rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá verksmiðjunni vera minna en 30 mg/Nm<sup>3</sup> miðað við klukkustundarmeðaltal og 20 mg/Nm<sup>3</sup> miðað við ársmeðaltal og eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi. Mörkin gilda um allt ryk í útblásturslofti, hvort sem það er frá ofnum, aftöppun eða öðrum stöðum.

## VATN

### 2.7 Nýting á vatni

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

### 2.8 Fráveitur

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, og ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994.

## **2.9 Olíuskiljur**

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt um sandföng í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni uppfylli kröfur í grein 2.11. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

## **2.10 Kælivatn og yfirborðsvatn**

Leita ber samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir efnasamböndum sem nota skal í lokuðu kælikerfi verksmiðjunnar. Kælivatn úr lokuðu kælikerfi verksmiðjunnar má leiða ómeðhöndlað til sjávar enda innihaldi það ekki hættuleg efni og uppfylli kröfur í grein 2.11. Nota má sjó til að kæla lokað kælikerfi enda séu uppfyllt ákvæði um hámarksstyrk efnanna eftir notkun. Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í vatn skal leitt um sandföng og olíuskiljur.

## **2.11 Losunarmörk á kælivatni og fráveituvatni**

Fráveituvatn og kælivatn skulu uppfylla eftirfarandi kröfur við losun til sjávar:

<i>Efnisþáttur</i>		<i>Hámarksstyrkur</i>
Olía og fita	<	15 mg/l
svifagnir	<	50 mg/l

## **ÚRGANGUR**

### **2.12 Almenn**

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Staðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs, svo sem brotajárns, gjalls, timburs, ryks og málmleifa og góðri orkunýtingu með einangrun ofna. Rekstraraðili skal gera áætlun um endurnýtingu og aðra meðhöndlun úrgangs og fá samþykki fyrir henni hjá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Sveitarfélaginu Norðurþingi og skal hún liggja fyrir áður en framleiðsla hefst.

### **2.13 Annar úrgangur**

Annan úrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun og/eða brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusræðinu er óheimil.

### **2.14 Spilliefni**

Tóftin var rannsökuð í apríl 2012. Í rannsóknarskýrslu FSÍ kemur fram að grafinn hafi verið könnunarskurður frá miðri tóftinni í gegnum austurvegg hennar. Í ljós komu tvö byggingarstig, bæði úr torfi. Byggingin er í megindráttum yngri en frá 1477 en hugsanlegt er talið að finna megi eldra byggingarstig undir þeirri byggingu sem mögulega er frá 10. - 12. öld. Ekkert er hægt að segja um hlutverk tóftarinnar á þessu stigi málsins. Tveir skurðir voru grafnir sunnanvert og vestanvert við tóftina til að kanna umfang mannvistarleifa. Engin mannvistarlög fundust í skurðunum og því líklegt að þau sé einungis að finna á litlu svæði í og við tóftina. Tóftin var ekki fullgráfin því hugsanlegt var talið að sneiða mætti hjá tóftinni við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu.

Skv. mynd 3 í frummatsskýrslu mun vegur verða lagður þétt upp við lóðarmörkin þar sem tóftin liggur skv. staðsetningu á mynd 60. Minjastofnun Íslands telur því að kanna þurfi tóftina að fullu með fornleifauppgreftir.

**SP-312:067. Þúst.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu FSÍ: *Í norðausturhorni gamals túns frá Bakka, um 25 m austsuðaustur frá tóft [SP-312:066] eru tvær þústir... Á þýfðu holti. Þústirnar eru bungumyndaðar og þýfðar og ná samtals yfir svæði sem er um 15 x 10 m að stærð. Engar tóftir eða tóftabrot eru greinanleg.*

Í umsögn minjavarðar Norðurlands eystra segir að rannsaka þurfi fornleifarnar með fullnaðar uppgreftir á hefðbundinn hátt.

FSÍ rannsakaði þústirnar. Í rannsóknarskýrslu FSÍ segir að í raun sé um að ræða eitt samfellt lyngi vaxið þúfnabelti á lagri hólbungu og því ofmælt að tala um tvær þústir á þessum stað. Ekki sé hægt að sjá skýrar tóftir eða tóftabrot en þó mátti greina mögulega vegghleðslu efst á hábungu hólans sem liggur norður suður. Grafinn var könnunarskurður í gegnum hið meinta veggjabrot frá vestri til austurs. Í ljós kom torfhleðsla sem sat ofan á þunnu uppmoksturslagi sem aftur er beint ofan á landnámssyrpurni svokölluðu. Vestan við torfhleðsluna fannst ekki merki um mannvist en austan hennar var lítið hrunlag. Í skurðinum fannst einnig ein stoðarhola. Engin ummerki sást um gólfög og er torfhleðslan því talin vera hluti af garðlagi sem liggur um hólbunguna, en er orðin illa afmyndað af stórþýfi. Mannvirkið er frá því fyrir 1477. Talið er að ekki sé loku fyrir það skotið að fleiri minjar kunni að leynast í þúfnabeltinu umhverfis veggjarbrotið sem sást í könnunarskurðinum. Svæðið var ekki fullgráfið því hugsanlegt var talið að sneiða mætti hjá tóftinni við fyrirhugaðar framkvæmdir þar.

Skv. mynd 3 í frummatsskýrslu mun vegur verða lagður þétt upp við lóðarmörkin þar sem þústirnar liggja skv. staðsetningu á mynd 60. Minjastofnun Íslands telur því að kanna þurfi svæðið að fullu með fornleifauppgreftir.

**SP-312:072. Þúst.** Í fornleifaskráningarskýrslu FSÍ frá 2008 er þústinni lýst: *Um 10 m frá sjávarkambinn er bungumyndað þúst. Í grónum slakka ofan við sjávarkamb. Þústin er um 8 m í þvermál, hringmyndað, og sker sig úr lynggrónu þýfinu umhverfis hana. Engar tóftir eða tóftabrot eru greinanleg.*

Þústin er innan framkvæmdasvæðisins en utan lóðar verksmiðjunnar. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi þústina á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**SP-312:075. Varða/garðlag.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu FSÍ: *Varða er á hól skammt norðaustur af austurenda garðlags [SP-312:028] og um 90 m suðvestur af fjárrétt úr*



*timbri sem er sunnan Bakkaár, skammt suðvestur af brú yfir ána... Varðan er á áberandi melhól sem er að mestu vaxinn lyngi og grasi, er er farinn að blása upp að sunnanverðu. Varðan er um 1,5 x 1,5 m að flatarmáli að neðanverðu, en mjókkar upp. Varðan er mikið til hrunin og gróin, en hundapúfa sem myndast hefur á henni gerir hana áberandi. Þó má sjá glitta í grjóthleðslur að neðanverðu við suðvesturhorn hennar, með hundapúfunni er hún um 0,8 m á hæð.*

Í umsögn minjavarðar Norðurlands eystra segir að skoða þurfi jarðveg ofan á vörðunni með tilliti til gjóskulaga sem þar kunna að vera. Þá þurfi að fjarlægja allan jarðveg og teikna grjótið upp. Fjarlægja grjót og teikna undirstöðu. Fjarlægja undirstöðu og athuga jarðveg undir vörðunni með tilliti til gjóskulaga. Tilgangur rannsóknar sé að fá sem gleggsta mynd af hleðslu vörðunnar og aldri.

FSÍ rannsakaði vörðuna. Í ljós kom að ekki var um vörðu að ræða heldur hluta af fornu garðlagi sem legið hefur eftir hólránum sem hundapúfan er á. Var garðlagið illgreinanlegt sökum þess að talsvert rof er á þessum stað. Grafnir voru þrjár könnunarsurðir í garðlagið og var það niðurstaða gjóskulagafræðings að það sé hlaðið allöngu fyrir 1300, að öllum líkindum á 10. - 12. öld. Garðlagið virðist að mestu hafa verið hlaðið úr strengjatorfi, en þó sáust grjóthleðslur í tveimur skurðanna og meðfram torfhleðslunum að austanverðu. Virðist það hafa verið endurhlaðið að einhverjum hluta, en vísbendingar um það sáust þó einungis í einum skurðanna. Garðlagið hefur þó greinilega orðið illa fyrir barðinu á vindrofi sem gæti skýrt hvers vegna ekki sjást merki um fleiri en eitt byggingarstig í tveimur könnunarskurðanna.

Minjastofnun Íslands telur að nauðsynlegt að það sem sýnilegt er af garðinum verði rakið á yfirborði, mælt upp og fært inn á loftmynd eða kort.

**SP-313:094.** Fornleifarnar eru merktar inn á loftmynd (mynd 60) í frummatsskýrslu en ekki fjallað um þær að öðru leyti í skýrslunni. Fjallað er um fornleifar með sama númeri í skýrslu FSÍ frá 2002. Er þar talað um heimild um mógrafir á allt öðrum stað en merkt er inn á loftmyndina í frummatsskýrslu. Um staðinn þar sem mógrafirnar voru segir í áður nefndir skráningarskýrslu FSÍ: *Svæðið þar sem mógrafirnar voru er nú komið undir íbúðarbyggð.* Minjastofnun Íslands telur að ganga þurfi úr skugga um hvernig á þessu ósamræmi stendur.

**2:1. Fornleið.** Er sama leið og FSÍ skráði sem SP-311:014. Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Um 60 - 70 m NV af vegslóða sem liggur niður af þjóðveginum og um 100 m SA af ströndinni. Leiðin er mjög hlykkjótt og skiftir sér gjarnan í marga slóða, sérstaklega þar sem hún liggur neðarlega syðst á rannsóknarsvæðinu. Þegar mest er liggur hún á allt að 15 m breiðu svæði. Víða sker hún sig djúpt í svörðinn, allt að 0,6 m. Ekki er hægt að rekja leiðina yfir allt svæðið, en hún er vel greinanleg víða eins og við norður enda svæðisins.*

Leiðin hefur verið færð inn á loftmynd, sjá mynd 60 í frummatsskýrslu, sem ein lína. Ljóst er þó af lýsingunni hér að framan að um nokkra samsíða slóða er að ræða. Fornleifavernd ríkisins telur að mæla þurfi sýnilega slóða leiðarinnar upp með GPS mælingu.

**3:1. Þúst.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Um 80 m NV af vegslóða sem liggur niður af þjóðveginum og um 90 m SA af ströndinni. Í miðju afgirtu túni. Um 3 m í þvermál, veggir úr torfi/mold um 1 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. 0,8 m djúp hola er í miðri rústinni, 1 x 1,5 m stór. Mannvirkið virðist ungt og holan enn yngri. Við rústina eru*

*a.m.k. þrír gamlir kálgarðar/kartöflugarðar og tveir þeirra eru með gaddavírsgirðingu umleikis. Í þeim má sjá kamba eða reiti. Þústin er á milli tveggja þeirra.*

**4:1. Rúst.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Um 150 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðveginum og um 30 m SA af ströndinni. Í miðju afgirtu túni. 4 x 7 m (VNV-ASA). Aðeins er veggur að vestanverðu og er hann um 1,2-1,3 m breiður og 0,5 m há. Aðrir veggir eða vegglínur eru grafnar niður. Hér hefur staðið timburhús lítilla grafið niður. Veggir og botn eru vel grónir grasi. Rúma 10 m SA af rústinni er ungur kálgarður/kartöflugarður...*

**5:1. Gerði.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Um 100 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðveginum og um 10-20 m SA af ströndinni. Sunnan undir barði í jaðri túns/móa. 29 x 52 m (N-S). Veggir úr torfi (og grjóti?), 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir. Gerðið er óreglulegt í grunnfletinum. Eystri hlutinn allur og hluti þess syðri og nyrðri, er grafinn niður í hallann. Veggir og botn eru vel grónir grasi.*

**6:1. Þúst.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Um 50 m NV af vegaslóða sem liggur niður af þjóðveginum og um 50 m SA af ströndinni. Í miðju afgirtu túni. 1,3 x 2 m (N-S). Hæð þústarinnar er um 0,2 - 0,3 m. Við sinn hvorn endan eru steinar (hellur) sem hljóta að vera mannaverk. Þústin er vel gróin grasi. Þústin er eins og leiði og gæti verið yfir húsdýr svo sem hest eða hund.*

**9:1. Þúst.** Lýsing úr fornleifaskráningarskýrslu Fornleifafræðistofunnar: *Norðvestan í Gónhól, um 80 m A af vegaslóða í blásnu lúpínulandi. Í holti. 1,6 x 2,2 m (N-S). Úr grjóti, mjög misstóru og eru stærstu steinarnir í jaðrinum. Um 50 m SA af þústinni gæti verið önnur þúst, mun grófari. Hún og nr. 9 og nr. 6 mynda nær beina línu frá ströndinni.*

Skv. mynd 60 í frummatsskýrslu er þúst (3:1), rúst (4:1), gerði (5:1), þúst (6:1) og þúst (9:1) utan lóðar verksmiðjunnar eða í suðurjaðri hennar þar sem ekki er að sjá að miklar framkvæmdir séu fyrirhugaðar og því eru þessar fornleifar líklegast ekki í hættu. Komi til rasks á þessu svæði telur Minjastofnun Íslands að grafa þurfi könnunarskurð í minjarnar til að ganga úr skugga um gerð þeirra og aldur og til að athuga hvort undir þeim leynist leifar eldri mannvirkja. Niðurstöður slíkrar athugunar kunna að leiða til þess að ráðast þurfi í umfangsmeiri rannsóknir á minjunum.

Sjá umfjöllun um gerði (7:1) undir umfjöllun um SP-312:050.

Í umfjöllun um SP-312:068 hér að ofan segir að um geti verið að ræða sömu fornleifar og númer 8:1 í skýrslu Fornleifafræðistofunnar. Staðsetning þeirra á loftmyndum virðist sú sama. Fornleifar SP-312:068 voru rannsakaðar og kom í ljós að um hrunda vörðu var að ræða. Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar er talið að 8:1 geti verið refagildra. Í frummatsskýrslu er lagt til að refagildran verði rannsökuð með fullnaðarannsókn. Minjastofnun Íslands telur að ganga þufi úr skugga um hvort hér sé um sömu minjar að ræða og þá hvort þær hafi þegar verið rannsakaðar. Ef meint refagildra er enn óröskuð þarf að rannsaka hana að fullu.

Á loftmynd (mynd 60) í frummatsskýrslu eru tveir hringir dregnir með punktalínu og rauður punktur í miðum þeirra. Í skýringum við myndina segir að þetta séu ?aðrar fornminjar?. Engin frekari umfjöllun er um þessar fornminjar. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi frekari grein fyrir þessum minjum til að stofnunin geti ákveðið til hvers konar mótvægisáðgerða beri að grípa gagnvart þeim.

Í kafla 6.6.5 í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst grípa til vegna fornleifa. Þar segir m.a. að mælt sé með að öryggisholur verði grafnar hér og þar á túnum innan könnunarsvæðisins til þess að fullreyna hvort fornleifar séu þar sem sléttað hefur verið fyrir túnum. Minjastofnun Íslands tekur undir að mikilvægt er að ráðast í gröft slíkra könnunarhola. Niðurstöður athugunarinnar þarf að bera undir stofnunina sem ákveður í framhaldinu hvort frekari rannsóknar er þörf.

Minjastofnun Íslands minnir á að varast ber að staðsetja vinnuskúra, efnisgeymslur og önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga umferð og skipulagi vinnuvega með þeim hætti að fornleifum stafi ekki hætta af.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

---

Kristín Huld Sigurðardóttir Kristinn Magnússon  
Forstöðumaður Deildarstjóri

Skipulagsstofnun  
Laugavegur 166  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík 13. mars 2013

Tilvísun: 201201-0007/6.01.04

**Efni: Kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka við Húsavík,**

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 19. febrúar 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka við Húsavík, Norðurþingi.

**Fyrirtækinu ber að sækja um starfsleyfi til Vinnueftirlitsins skv., 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.**

Í umsögn Vinnueftirlitsins 16.1.2012 um tillögu að matsáætlun fyrir sömu verksmiðju kom fram að efni sem gætu gert að verkum að verksmiðjan félli undir reglugerð nr. 160/2007 um stórslysavarnir, séu þau í nægjanlegu magni, væru fyrst og fremst gasbrennsli, kallað LPG í skýrslunni, súrefni og kolefnisfóðringarefni.

Af frummatsskýrslunni dags. 4.2.2013 má ráða að rekstraraðili hyggist geyma 90-350 tonn LPG í starfsstöðinni en það er yfir þröskuldmagni reglugerðarinnar, lægri mörkin eru 50 tonn.

Ekki kemur fram geymt magn hættulegra kolfóðringarefna eða annara varasamra efna, nema súrefnis, en í nægjanlegu magni gætu slík efni einnig gert að verkum að verksmiðjan félli undir reglugerð nr. 160/2007.

Miðað við upplýsingar í frummatsskýrslunni um magn hættulegra efna í verksmiðjunni fellur hún undir reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

Virðingarfyllt,  
f.h. Vinnueftirlitsins

Sigfús Sigurðsson

Friðrik Danielsson

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Húsavík, 14. mars 2013

### **Efni: Kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka við Húsavík. Umsagnarbeiðni.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar frá 19. febrúar sl. Þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmda.

HNE gerir eftirfarandi athugasemdir við verkefnið:

#### **Vörugæmsla á hafnarsvæðinu:**

Fram kemur í kafla 2:3 Framleiðsluferlið, að í hefðbundnum rekstri verði ekki gert ráð fyrir vörugæmslu á hafnarsvæðinu. Í kafla 2.12 Tengdar framkvæmdir, kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir gæmslu efna við höfnina, ef frá er talin tímabundin gæmsla lausra efna ef töf verða á flutningi. Í kafla 6.2.4.3 Flutningur milli hafnar og iðnaðarsvæði, er þetta öllu meira afgerandi, þar stendur: “Ekki er ráðgert að mikið verði um gæmslur á hafnarsvæðinu, heldur mun flutningur til og frá athafnasvæði í flestum tilfellum eiga sér stað jafnóðum”. Ekki verður hjá því komið að álykta sem svo eitthvert magn aðfanga verði geymt á hafnarsvæðinu. HNE telur rétt að fram komi með skýrum hætti hvaða efni verður geymt þarna og með hvaða hætti, m.a. með tilliti til foks frá kolum og kvarsí og fleiri efnum. Athuga hvort ásæða er til að byggja yfir allt efni sem fohætta stafar af.

#### **2.6 Aukaafurðir og fastur úrgangur:**

Fram kemur að PCC ráðgeri ekki að urða óvirkan úrgang á lóð sinni og allar afurðir sem flokkast sem úrgangur verði afhentar viðurkenndum þjónustuaðila til meðhöndlunar. Sá aðili verði Sorpsamlag Þingeyinga sem sé viðurkenndur þjónustuaðili og taki við öllum tegundum úrgangs á svæðinu þ.m.t óvirkum úrgangi.

Samkvæmt þessu kemur fram að Sorpsamlagi Þingeyinga verði gert að taka við úrgangi sem nemur um 1250 tonnum á ári miðað við framleiðslu verksmiðjunnar upp á 33 þúsund tonn og 2500 tonnum ef verksmiðjan verður stækkuð í framleiðslugetu upp á 66 þúsund tonn.

HNE hefur ýmislegt við þetta að athuga. Í fyrsta lagi er enginn staður til í landi Norðurþings sem hefur gilt starfsleyfi fyrir urðun úrgangs.

Í öðru lagi skal bent á ákvæði í reglugerð 737/2003, en þar segir m.a. í 11. gr:

“Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánægri tækni við meðhöndlun úrgangs”.

HNE bendir á að samkvæmt starfsleyfi Elkem á Íslandi sem framleiðir kísil- og kísiljárn, er fyrirtækinu heimilt að farga ýmsum framleiðsluúrgangi í flæðigryfjur, með útskolun efna í sjó, enda sé styrkur mengunarefna ekki umfram viðmiðanir í reglugerðum:

Í skýrslu Skipulagsstofnunar um ákvörðun um matskýrslu varðandi framleiðslu á sólarkísli í verksmiðju Elkem Ísland ehf á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit segir að:  
..”heimildir Elkem Ísland ehf. í starfsleyfi til að koma fyrir úrgangsefnum í hafnarfyllinguna á Grundartanga séu ekki nýtt nema að litlu leyti, þar sem búið sé að finna endurvinnsluleiðir fyrir mikinn meiri hluta þess efnis sem þar sé heimilt að farga”.

Með vísan til þess telur HNE að PCC beri að skoða þau endurvinnslu úrræði sem sannarlega eru til staðar í þeim tilgangi að lágmarka þann úrgang sem fer til urðunar eins og kostur er.

## **2.11 Byggingarframkvæmdir**

Hér er m.a. fjallað um að á byggingartíma verði gert ráð fyrir því að vinnubúðir verði á byggingarsvæðinu. Þar verði skrifstofur, mótuneyti og salernisaðstaða. Jafnframt er gert ráð fyrir aðstöðu til þess að hýsa starfsmenn sem vinna að uppbyggingu í skemmri tíma, en að megin hluti starfseminnar nýti gístaðstöðu á Húsavík. Staðsetning vinnubúðanna hefur ekki verið ákveðin, en aðstaðan verður líklega þar sem skrifstofuhúsnæði verður reist síðar. HNE telur nauðsynlegt að gera grein fyrir staðsetningu þessara mannvirkja. Fjalla þarf um lög og reglur sem snúa að byggingu og rekstri vinnubúða, s.s. frárennsli, orkunotkun, vatnspörf og förgun úrgangs.

## **6.2 Hljóðvist**

Fram kemur að áhrif hávaða frá rekstri kísilverksmiðjunnar á Bakka verði óveruleg nema í næsta nágrenni verksmiðjunnar og á hafnarsvæðinu. Á þessum stöðum er talið ólíklegt að hljóðstig muni uppfylla kröfu reglugerðar án þess að gripið verði til mótvægisáðgerða. HNE telur eðlilegt að gerðar séu ríkar kröfur til mótvægisáðgerða sem hafi þann tilgang að ákvæði reglugerðar um hljóðvist verði virt.

Að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda telur HNE að umhverfisáhrif vegna verkefnisins verði ásættanleg.

Virðingarfyllt

---

Þorkell Björnsson  
heilbrigðisfulltrúi

SKIPULAGSSTOFNUN  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Dags. 14.3.2013  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2012-7  
Máll. 0.5


Með bréfi dags. 19. febrúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar vegna kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka við Húsavík.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í kafla 6.1.2 í frummatsskýrslunni sýnir mynd 14 vindrós fyrir Bakkahöfða sem nær til tímabilsins september 2002 til febrúar 2009. Þessi vindrós er ólæsileg eins og hún birtist. Stór og tómur hringur er í miðunni og á vindrósina vantar kvarða sem segir til um vindáttir og eða vindhraða. Á vindrós hér fyrir neðan, sem Veðurstofan á í fórum sínum (fyrir aðeins styttra tímabil), má sjá að logn er einungis í 1% tilvika á Bakkahöfða. Algengustu vindáttir eru S- og SSA-átt, en einnig er N-átt nokkuð algeng. Mjög sjaldgæft er að hrein A-átt eða V-átt mælist á Bakkahöfða. Einnig má sjá á stöplaritinu fyrir neðan vindrósina að S-átt og SSA-átt eru hvössustu áttirnar á svæðinu, þótt NV-átt geti verið snörp í þau fáu skipti sem hún er.


### Bakkahöfði við Húsavík

Tíðni vindáttá (%), 13. sep. 2002 – 30. jún. 2008



### Meðalvindhraði hvers vindáttar

(Fjöldi athugana í vindátt)



Veðurstofa Íslands 09. júl. 2008

Í sama kafla segir að þegar útreikningar á losun svifryks voru skoðaðir hafi lofthiti verið valinn 10°C. Þetta er mun hærri hiti en meðalárshiti á veðurstöðvum á svæðinu. Á Mánárbakka er meðalárshiti 3,9°C og á Raufarhöfn 3,3°C. Hæsti hiti sem mælst hefur á Bakkahöfða frá árinu 2002 er 25°C. Því má ætla að einhver skekkja kunni að vera í útreikningum á útblæstri, en útblásturshraði (og útblástursvegalengd) fer eftir hitamuni á útblæstri og loftinu umhverfis hann. Ef munurinn er lítill fer útblásturinn styttri leið en ef munurinn er mikill. Því má ætla að útblástur, þegar lofthiti er við frostmark eða rétt ofan við það, fari lengra en þegar lofthiti er 10°C.

Í frummatsskýrsluna vantar upplýsingar um vatn og álag á það, en þessu atriði þarf að gera góð skil. Þannig þarf t.d. að gera betri grein fyrir vatnsnotkun miðað við aðgengilegt vatn á svæðinu og hvort ætlað er að það raski á einhvern hátt þoli vatnsveitis. Gera þarf betur grein fyrir áhrifum kælingar, magni vatns sem nota þarf, hvaða efni eru notuð til að fyrirbyggja tæringu og til að koma í veg fyrir bakteríuþróður. Einnig er mikilvægt að fram komi hvar má áætla að leki frá kælikerfinu. Skoða þarf áhrif þess ef allt vatn tapast út af kerfinu á tiltölulega stuttum tíma.

Gera þarf betur grein fyrir mögulegum hættulegum eignum í úrgangi sem mengað gætu vatn eða jarðveg á svæðinu. Þannig vantar upplýsingar um efni sem geta komið úr föstum úrgangi sem safnast til á svæðinu eða er komið til förgunar í sveitarfélaginu. Koma þarf fram hvort líkur eru á að úrgangur innihaldi þungmálma eða annað og gæti síast niður í jörðu og haft áhrif á gæði vatns. Telja má óeðlilegt að byggja umhverfismatið á ákveðnum gefnum forsendum sem enn eru ekki til staðar og mikilvægt er að fá yfirlýsingu um þau verk eða aðstæður frá viðkomandi aðilum. Sem dæmi kemur fram að stórum hluta þess úrgangs sem safnast við framleiðslu verði fargað af þar til viðurkenndum þjónustuaðilum. Allt að 2.513 þús. tonn af úrgangi myndist vegna framleiðslunnar og er nauðsynlegt að gera frekari grein fyrir förgun hans á svæðinu og hvort viðurkenndir þjónustuaðilar séu í stakk búnir til að taka á móti slíku magni og þeim sértæka úrgangi sem myndast við slíka framleiðslu.

Í kafla 6.1 virðist ekki gerð grein fyrir áhrifum flutnings efnis til og frá verksmiðjunni hvað varðar loftgæði. Nauðsynlegt er að gefa upp áætlaðar tölur þar að lútandi og áætla áhrif flutningsins, s.s. á loftslag.

Í kafla 6.1.3 er nauðsynlegt að gefa skýrari tölulegar upplýsingar um útreiknuð gildi og styrk efnanna samkvæmt spálíkönunum og gera gleggri grein fyrir þeim í texta skýrslunnar. Mikilvægt að skýra hvaða styrkur er hæsti meðalstyrkur hverju sinni. Myndir af dreifingu geta ekki staðið einar og sér sem upplýsingar um þennan þátt. Nauðsynlegt er að fram komi skekkjumörk slíkra útreikninga.

Í þeim tilvikum þar sem styrkur nálgast gefin viðmiðunarmörk þarf að gera nánari grein fyrir þeim, s.s. við hámarksgildi dreifingarspár, hæsta mögulega styrk, við hvaða aðstæður/skilyrði slíkt gæti skapast og tíðni þannig aðstæðna. Þetta á m.a. við sólahringsmeðaltal svifryks. Reiknað vetrar- og ársmeðaltal, sólahringsmeðaltal og klukkustundarmeðaltal köfnunarefnisdíoxíðs fyrir 66 þús. tonna ársframleiðslu virðist einnig nálgast viðmiðunarmörk og því er æskilegt að gera frekari grein fyrir hámarksgildum þar.


Skýra þarf betur kvarðann sem notaður er í myndum af dreifingunni samkvæmt spálíkönunum, þar sem erfitt er að gera sér grein fyrir hvaða græni litakóði er á myndunum.

Samkvæmt kortum í viðauka 8 í mynda- og kortahefti skýrslunnar virðist reiknað sólahringsmeðaltal svifryks fyrir 33 þús. tonna ársframleiðslu geta nálgast viðmiðunarmörkin. Reiknað sólahringsmeðaltal svifryks fyrir 66 þús. tonna ársframleiðslu virðist með svipaða dreifingu til norðurs, en jafnvel ekki ná sama styrk, þ.e. ekki nálgast 40 µg/m<sup>3</sup> meðaltalið. Þetta þyrfti að skýra nánar.

Í töflu 12 í kafla 6.1.3 kemur fram hver eru áætluð hámarksgildi dreifingarspár um loftgæði. Tölurnar virðast líkar því sem vænta má út frá meðaltalsgildum, en ekki hámarksgildum. Æskilegt væri að setja hvort tveggja fram og hver skekkjumörkin eru.

Loks kemur fram í kafla 6.1.3 að einnig hafi verið lagt mat á loftgæði við notkun annarra aðferða við reyklosun en 30 m reykháfa. Skýrt þarf að koma fram hvort þær aðferðir séu hluti af umhverfismati í þessari matsskýrslu. Ef svo er þurfa að koma fram sambærilegar upplýsingar og lagðar eru fram miðað fyrir 30 m reykháfa.

Virðingarfyllt

  
Hafdís Karlsdóttir, staðgengill forstjóra VÍ





Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
105 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2013  
Tilvisun: 201302-0253

**Efni: Kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka.**

Mannvirkjastofnun hefur, að beiðni yðar í bréfi dags. 19. febrúar 2013 tilv. 2013010077/5.1, yfirfarið innsenda skýrslu Eflu, verkfræðistofu; Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík. Mat á umhverfisástæðum, Frummatsskýrsla dags. 4. febrúar 2013 að því marki sem slík starfsemi heyrir undir lög nr. 75/2000 um brunavarnir.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir að núverandi slökkvilið sveitarfélagsins ráði ekki við þær aðstæður sem kunna að skapast vegna starfsemi verksmiðjunnar, nauðsynlegt sé að bæta bæði mannafla og búnað til þess að svo sé. Mikilvægt er að skilyrt verði frá upphafi hver aðkoma sveitarfélagsins og fyrirtækisins að þeirri uppbyggingu skuli vera þannig að ekki verði veitt leyfi fyrir byggingu verksmiðju sem geti skapað umtalsverða slyshættu án þess að nægjanleg uppbygging slökkviliðs í sveitarfélaginu sé tryggð.

Mannvirki yfir slíka verksmiðju kallar einnig á brunahönnun og áhættumat þeirra og starfseminnar og má einnig í þessu sambandi benda á ákvæði í 22.- 24. gr. laga um brunavarnir. Eðlilegt má telja að slíkt yrði skilyrt í leyfum fyrir verksmiðjunni, rekstri hennar og öllum flutningum til og frá henni.

Virðingarfyllst  
f.h. Mannvirkjastofnunar

  
Elísabet Pálmadóttir



Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Húsavík, 20. mars 2013  
nr. erindis 201302075

Efni: Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings tók fyrir á fundi sínum 20. Mars s.l. erindi yðar til nefndarinnar og afgreiðsla hennar var eftirfarandi:

- **Skipulagsstofnun sendir til umsagnar frummatsskýrslu um kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka**

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings hefur kynnt sér frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju PCC se við Bakka á Húsavík. Í fyrsta áfanga er fyrirhuguð framleiðslugeta áætluð 33.000 tonn en gert er ráð fyrir framleiðslugetu til framtíðar upp á 66.000 tonn. Samstarf hefur verið milli PCC se og Norðurþings um fyrirhugaða uppbyggingu. Fyrirhuguð uppbygging er þannig í samræmi við aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 og þá deiliskipulagstillögu af iðnaðarsvæði við Bakka sem nú er til kynningar. Framkvæmdum af þessari stærðargráðu fylgir þó ávallt nokkur inngríp í umhverfið. Hvað meginþætti varðar eru bein áhrif verksmiðju PCC se á Bakka bundin við lóð fyrirtækisins og allra næsta umhverfi. Sjónræn áhrif munu þó verða nokkuð víðtækari en önnur áhrif eins og óhjákvæmilegt er fyrir svo umfangsmikil mannvirki. Samkvæmt frummatsskýrslu er gert ráð fyrir að gripið verði til ýmissra aðgerða, bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma, til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Jákvæð áhrif verksmiðjunnar á samfélag eru víðfeðm og ná til Norðurþings, nágrennasveitarfélaga og raunar landsins alls.

**Skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings veitir jákvæða umsögn um frummatsskýrsluna.**

Virðingarfyllst,

Óskar Óli Jónsson  
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

## Bréf

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2013  
UST20130200184

### Efni: Kísilmálmverksmiðja PCC á Bakka við Húsavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Hér er um að ræða byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðju á Bakka við Húsavík. Verksmiðjan verður að líkindum reist í tveimur áföngum. Framleiðslugeta hvors áfanga verksmiðjunnar verður 33.000 tonn á ári eða 66.000 tonn á ári alls. Helstu umhverfisþættir sem mögulega verða fyrir áhrifum eru eftirfarandi:

#### Loftgæði

Í töflu 10 er gerð grein fyrir losun ýmissa loftmengunarefna. Þar kemur m.a. fram að heildarlosun brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>) miðað við 66.000 tonna ársframleiðslu verði 832 tonn. Stofnunin gerir ekki athugasemd við þá tölu en bendir á að gagnlegt er að gefa líka upp forsendur fyrir mati á losun þ.e. brennisteinsinnihaldi hvers hráefnaflokks og heildarmagni hráefna.

Umhverfisstofnun óskar eftir að einnig sé gerð grein fyrir rykmyndum frá meðhöndlun hráefna þar sem það á við en í BAT um svona starfssemi er gert ráð fyrir að allt að 0,2% af hráefnum tapist sem ryk við meðhöndlun.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að komin eru þriðju drög að nýrri BAT skýrslu og nýju ?BAT conclusion? um framangreindan iðnað. Stofnunin óskar eftir því að rekstraraðili geri grein fyrir hvort hann getið staðið við að þau skilyrði og mörk sem sett eru fram í þessum drögum að BAT conclusions. (sjá 14.kafli í BAT skýrslunni [http://eippcb.jrc.es/reference/BREF/NFMbw\\_17\\_04-03-2013.pdf](http://eippcb.jrc.es/reference/BREF/NFMbw_17_04-03-2013.pdf) )

Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjalla um rykmengun á byggingartíma og skýra frá mögulegum mótvægisáðgerðum til að lágmarka rykmengun á byggingartíma. Rykmengun á byggingartíma verksmiðjunnar getur verið veruleg, jafnvel meiri en frá útblæstri verksmiðjunnar sjálfrar þegar hún er komin í fullan rekstur. Víða um heim er ráðist í mótvægisáðgerðir gegn rykmengun meðan á verklegum framkvæmdum stendur og sem dæmi má nefna að bandaríska verktakafyrirtækið Bectel skilgreinir ryk sem helstu umhverfisáhrif framkvæmda.

Mikil aukning verður á loftmengun með tilkomu kísilmálmverksmiðjunnar. Hún er þó að mestu bundin við svæðið næst verksmiðjunni og reiknuð mengun fer hvergi yfir viðmiðunarmörk íslenskra reglugerða. Sum gildi geta þó farið nálægt reglugerðarmörkum. Þannig er gert ráð fyrir að ársmeðaltal SO<sub>2</sub> geti farið í allt að 17,9µg/m<sup>3</sup> en viðmiðunarmörk ársmeðaltals eru 20µg/m<sup>3</sup>. Engar mælingar eru til um styrk SO<sub>2</sub> á svæðinu í dag en til viðmiðunar má segja frá því að ársmeðaltal SO<sub>2</sub> á Grensásvegi í Reykjavík hefur verið á bilinu 2-4µg/m<sup>3</sup>.

Gera má ráð fyrir því að SO<sub>2</sub> mengun mælist greinilega í byggð á Húsavík en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ekki gert ráð fyrir því að mengun í bænum fari yfir mörk reglugerðar 251/2002. Í þeirri reglugerð eru heilsuverndarmörk SO<sub>2</sub> fyrir sólarhring 125µg/m<sup>3</sup>. Það eru sömu mörk og eru í Evrópskum loftgæðareglugerðum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) gaf árið 2005 út ný viðmið varðandi leiðbeinandi mörk fyrir loftgæði. [http://whqlibdoc.who.int/hq/2006/WHO\\_SDE\\_PHE\\_OEH\\_06.02\\_eng.pdf](http://whqlibdoc.who.int/hq/2006/WHO_SDE_PHE_OEH_06.02_eng.pdf) Þar er setur WHO leiðbeinandi mörk fyrir sólahringsmeðaltal SO<sub>2</sub> við 20µg/m<sup>3</sup>. Það eru talsvert strangri mörk en eru í íslenskum og evrópskum reglugerðum þar sem sólahringsmörkin eru 125µg/m<sup>3</sup>. Ekkert hefur verið ákveðið með hvort reglur í Evrópu verði þrengdar í ljósi þrengri leiðbeinandi gilda hjá WHO. Framlögð gögn benda til að ekki verði farið yfir leiðbeinandi gildi WHO í byggð á Húsavík.

Á bls. 33 í frummatsskýrslunni er fjallað um möguleg samlegðaráhrif af losun annara verksmiðja sem eru í farvatninu á Bakka eins og t.d. mögulegar verksmiðjur Thorsil og Saint Goban. Fram kemur að ekki liggja enn fyrir nægjanleg gögn frá öðrum hugsanlegum rekstraraðilum til að reikna möguleg samlegðaráhrif. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að við frekar uppbyggingu á svæðinu verði hugað að mögulegum samlegðaráhrifum loftmengunarefna, sérstaklega SO<sub>2</sub>.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um loftgæði í frummatsskýrslu góða og ítarlega.

Loftgæði munu versna umtalsvert miðað við núverandi ástand. Loftmengun af völdum verksmiðju PCC á Bakka mun þó ein og sér verða innan viðmiðunarmarka íslenskra reglugerða.

## **Hljóðvist**

Talið er að hljóðstig í íbúðasvæði í næsta nágrenni verksmiðjunnar verði innan marka reglugerðra nr. 724/2008 um hávaða. Á lóðamörkum er hins vegar talið að ekki verði unnt að uppfylla kröfur umræddrar reglugerðar nema að tilkomi mótvægisáðgerðir til að draga enn frekar úr hávaða. Umhverfisstofnun vill varpa fram þeirri spurningu hvort hér sé um eiginlegar mótvægisáðgerðir að ræða þar sem um er að ræða áðgerðir sem ráðist væri í til þess að hávaði á lóðamörkum verði á rekstrartíma verksmiðjunnar í samræmi við ofangreinda reglugerð.

## **Gróður**

Gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru nokkur og er lyngmói áberandi. Graslendi er einnig áberandi. Tegundafjölbreytni er nokkuð mikil, en hvorki er talið að hér sé að finna plöntur á valista né plöntur sem eru sjaldgæfar á landsvísu.

Í frummatsskýrslu er fjallað nokkuð um mögulegar mótvægisáðgerðin vegna röskunar á gróðurlendi. Á það er bent að örðugt getur verið að endurheimta sum þeirra gróðursamfélaga sem eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Votlendi hefur um nokkurra ára skeið verið endurheimt að því er virðist með góðum árangri. Umhverfisstofnun leggur því til að sem mótvægisáðgerð verði endurheimt votlendi í stað þess gróðurlendis sem raskað verður óháð því hvort um votlendi sé að ræða.

## **Fuglalíf**

Þeir fuglar sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar eru algengir hvort sem litið er til stofna á landsvísu eða innan landshlutans. Ekki er talið að

fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á fugla á válista.

### Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um þessa þætti í frummatsskýrslu mjög ítarlega og góða. Gerð er grein fyrir þeim þáttum sem ráða verðmætum viðkomandi svæða. Svæðið í næsta nágrenni fyrirhugaðrar verksmiðju eru ekki ósnortin, þó eru þar engar meiri háttar byggingar eða mannvirki. Áhrif á landslag eru talin varanleg og óafturkræf vegna landmótunar á iðnaðarlóð.

Sjónræn áhrif eru talin verða talsvert neikvæð, varanleg vegna langs endingartíma mannvirkja en að mestu afturkræf.

### Niðurstaða

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd muni hafa talverð neikvæð áhrif á loftgæði og á landslag og ásýnd svæðisins. Unnt er að draga nokkuð úr áhrifum framkvæmdarinnar með mótvægisáðgerðum sérstaklega á gróðurfar og loftgæði. Áhrif á loftgæði verða þó innan þeirra marka sem íslenskar reglugerðir setja mengandi starfsemi.

Vegna umfangs og eðlis umræddrar þeirrar starfsemi sem hér um ræðir telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa talsvert neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

---

Ólafur A Jónsson



FW: Bakki: máu - samlegðaráhrif

Sigurður Ásbjörnsson

to:

olafur.arnason@efla.is, fridrik.gunnarsson@efla.is

27.03.2013 12:53

Hide Details

From: Sigurður Ásbjörnsson <sigurdur@skipulagsstofnun.is>

To: "olafur.arnason@efla.is" <olafur.arnason@efla.is>, "fridrik.gunnarsson@efla.is" <fridrik.gunnarsson@efla.is>,

## 2 Attachments



image001.gif image002.gif

Góðan dag

Meðfylgjandi er athugasemd Verkís sem var að berast.

### Kveðja

**Sigurður Ásbjörnsson**

Sérfræðingur, mat á umhverfisáhrifum - EIA specialist  
 Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
 Laugavegur 166, 150 Reykjavík, Ísland - Iceland  
 sími 595 4100, fax 595 4165  
 sigurdur@skipulagsstofnun.is  
[www.skipulagsstofnun.is](http://www.skipulagsstofnun.is)

---

**From:** tg@verkis.is

**Sent:** 27.3.2013 12:10:05

**To:** Sigurður Ásbjörnsson

**Subject:** Bakki: máu - samlegðaráhrif

Sæll Sigurður

Í bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 17. september 2012, kom fram ósk stofnunarinnar um sameiginlegt mat á áhrifum á styrk mengunarefna í lofti vegna útblásturs frá þremur aðilum sem unnu að undirbúningi framleiðslu á kísilafurðum á iðnaðarsvæðinu við Bakka við Húsavík.

Verkís fyrir hönd Saint Gobain sendi Eflu fyrir hönd PCC allar nauðsynlegar upplýsingar um áætlaðan útblástur frá fyrirhugaðri verksmiðju SG ásamt hnitsettri útrás. Ekki er því rétt farið með í kafla 6.1.3 á bls. 33 í frummatsskýrslu PCC, sem nú er til kynningar, þar sem fram kemur að PCC hafi fengið afhent gögn sem sýni staðsetningu lóðar en óvissa um staðsetningu verksmiðjunnar innan lóðar hamli því að hægt sé að leggja áreiðanlegt mat á samlegðaráhrif. Efla óskaði ekki eftir frekari upplýsingum en þeim sem voru sendar.

F.h. Verkís hf.

Þórhildur Guðmundsdóttir

### Þórhildur Guðmundsdóttir

Byggingarverkfræðingur | Civil Engineer M.Sc.  
 +354 422 8438 | +354 864 5035 | [tg@verkis.is](mailto:tg@verkis.is) | [Lync](http://Lync)

Ármúla 4 | 108 Reykjavík | +354 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is)

**Efla hf**  
**Ólafur Árnason**  
**Höfðabakka 9**  
**110 Reykjavík**

**Héðinshöfða 03.04.2013**

## **Athugasemdir við mati á umhverfisáhrifum vegna væntanlegrar kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka á Húsavík**

Í mati á umhverfisáhrifum vegna kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka sem unnin er af EFLA verkfræðistofu. kemur hvergi fram hver umhverfisáhrif verða fyrir búsetu og landbúnað á Héðinshöfða. Bæirnir eru í u.þ.b. 2. km fjarlægð frá væntanlegri kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka.. Við trúum að framkvæmdir PCC. útiloki landbúnað og búsetu á Héðinshöfða til framtíðar.

Ekki er gert ráð fyrir áhrifum útblásturs, sjón-hljóð og ljósmengunar. Krafist er að slíkir útreikningar verðir gerðir með tilliti til íbúabyggðar og landbúnaðar sem við teljum að verði ekki hér til framtíðar ef iðnaðaruppbygging verður á Bakka.

Því er gerð krafa að kannað verði áhrif sjónmengunar, hljóðstígs ljósmengunar sem íbúar á Héðinshöfða munu verða fyrir, á uppbyggingartíma og þegar framleiðslan verður komin í fullan gang. Förum við fram á að mælingar hefist strax í dag á þessum áhrifavöldum til að hægt sé að bera saman aðstæður fyrir íbúa á Héðinshöfða í dag á uppbyggingartímanum og þegar verksmiðjan hefur hafið framleiðslu.

Hvaða veðurfarsrannsóknir er stuðst við ? Árið 2010 voru veðurstöðvum á Bakka hætt eftir ca. 7-8 ára mælingar og Héðinshöfða voru mælingar stöðvaðar eftir ca. 3 ár. Veðurstöðin á hafnarsvæðinu hefur verið óvirk í langan tíma. Það er óviðunandi að þessum mælingum sé hætt, vindátt og veðurfar hefur mikil áhrif á umhverfi okkar verðandi útblástur frá væntanlegum verksmiðjum þar á meðal PCC. Krefjumst undirrituð að veðurstöðvar þessar verði virkar nú þegar og ekki verði einungis stuðst við gömul gögn frá þessum veðurstöðvum sem ekki hafa verið í notkun síðustu ár.

Hver er útblástur vinnuvéla og faratækja á framkvæmdartíma og þegar framleiðsla er hafin og hver verða mengunaráhrif á íbúabyggð, ræktun lands og landbúnaðar á Héðinshöfða ?

Ef urðun úrgangs frá verksmiðjunni fer fram í nánd við Kópasker, er krafist úttektar á aukinni umferð eftir þjóðvegi ásamt útblæstri og öðrum óþægindum sem sú umferð mun skapa.

Umhverfisáhrif á byggingartíma og eftir að fullum afköstum verksmiðjunnar er náð mun óhjákvæmilega valda miklum og varanlegum áhrifum á dýralíf, land og fólk.

Ekki er minnst einu orði á þá auknu umferð og óþægindi sem íbúar Héðinshöfða, sem eru nágrennar kísilmálmverksmiðju í ca. 2. km fjarlægð. Krafa er gerð að tekið verði tillit til áhrifa á íbúabyggð, ræktun lands og landbúnaðar á Héðinshöfða á framkvæmdartímanum og þegar framleiðsla verksmiðjunnar er hafin..

Hvað verður um uppgröft af iðnaðarsvæðinu ?

Hvar er áætlað að efnistaka verði tekin til framkvæmda á iðnaðarsvæði PCC ?

Óskað er eftir upplýsingum um sambærilega verksmiðju með tilliti til íbúðabygðar, landbúnaðar, gróðurs og dýralífs.

Er hægt að fullyrða að ekki verði nein mengun í sveitarfélaginu, Tjörneshreppi vegna Kísilmálmverksmiðju PCC og hverjar eru ráðstafanir PCC til að tryggja að slíkt gerist ekki?

Í skýrslunni kemur fram að áhrif verksmiðjunnar eru talsverð neikvæð, varanleg en afturkræf.

Óskað er eftir skýringu á áhrifum sem eru varanleg en afturkræf og hverjar eru líkur á því er verksmiðjan verður byggð að hún verði fjarlægð þannig að áhrifin verði afturkræf ?

Eru einhverjar áætlanir til að draga úr neikvæðum áhrifum svo sem sjónrænum og hljóðrænum áhrifum fyrir íbúa á Héðinshöfða ?



Uppbygging kísilmálmverksmiðju á Bakka mun skerða lífsgæði íbúa á Héðinshöfða einnig rýra eignir og skerða landbúnað á jörðinni til framtíðar.

Í skýrslunni stendur: Er það mat framkvæmdaraðila að umhverfisáhrif vegna kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka verði ásættanleg. Við undirrituð efumst um að slík fullyrðing fái staðist.

Óskað er eftir að staðfest verði að með tilkomu kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka að lífsgæði íbúa og landeigenda á Héðinshöfða verði ekki skert, ræktun, landbúnaður og lífríki á jörðinni skerðist ekki og kísilmálmverksmiðja PCC muni ekki rýra verðgildi fasteigna og mannvirkja á Héðinshöfða á uppbyggingartíma og þegar full framleiðsla er hafin í verksmiðju PCC.

Erla Bjarnadóttir kt. 201170-3899

Héðinn Jónasson kt. 010264-3919

Katý Bjarnadóttir kt. 290172-4709

Kjartan Traustason kt. 280362-2129

Sigríður Hörn Lárusdóttir kt. 050367-5929

Sigrún Ingvarsdóttir kt. 280749-5759